



## BRÍSINGAMEN FREYJU

## SKUGGI: ÁÐUR ÚTKOMIÐ EFTIR SAMA HÖFUND:

- Syndir guðanna I. Akureyri, 1927.  
Syndir guðanna II. Rvík, 1933.  
„Jeria“ — kvæði um hafið, — Rvík, 1935.  
Ljósmyndin, (kvikmyndasaga). Rvík, 1935.  
Stórveldi, 4 sögur. Rvík, 1935.  
Nýr bátur á sjó. (Endursögn). Rvík, 1937.  
Jólagjöfin, fjölr. Hadr. (Þýð.), Rvík, 1937.  
Él, 82 frums. Smákvæði. (Handr. Fjölr.), Rvík, 1938.  
Þegar skáldið dó, tvær sögur. Rvík, 1939.  
Söngvar sjómanna, 3 kvæði, (Sjómannad.), Rvík, 1939.  
Lygarinn, sjónl. Í 5 þáttum með forleik. (Þýðing). Rvík, 1939.  
Galdraskræða (Um 300 rúna og táknmyndir). Rvík, 1940.  
Ok, ljóðapýð. (44 kvæði eftir ýmsa höf.). Handr. Fjölr. Rvík, 1941.  
Úð, frumsamin ljóð; 52 kvæði. (Handr. Fjölr.). Rvík, 1942.  
Há, ljóðapýðingar: I. A. Shropshire Lad, (allur, 63 kvæði). — Last Poems, (öll, 41 kvæði) — [frumh. A. E. Houseman]. Rvík, 1943.  
Ættjarðarljóð 1944. — Ljóðaflokkur um lýðveldisstofnun á Íslandi, Rvík, 1944.  
Íslenzkar konur. — Opið bréf. — (Fjölr. handr.) Rvík, 1944.  
Rubaiyát: (Omar Khayyám, með 75 myndum). Rvík, 1946.  
Skammir, sem menn hafa alltaf biðið eftir. Ak., 1946.  
„Í sálarháská“; (prentað sem handrit), Rvík, 1947.  
Inni og úti, 3 sögur. Rvík 1947.  
Brísingamen Freyju. Rvík, 1948.

SKUGGI:

**BRÍSINGAMEN  
FREYJU**

NOKKRAR GREINIR



## FRELSI.

Vér elskum það frelsi vér fundum í dag  
og fögnum í söng, því vér biðum svo löngum.  
Vér elskum það himneska ljósfagra lag  
í lifandi von og í fagnandi söngum.  
Og tunga vor hrærist í heillandi brag  
af hjarta, sem bærisk — vér segjum það öngum —  
því *Eyjan vor*, vafin í Atlantishjúp,  
er yndisleg, hafin tign og í blóma,  
með eldinn í hjarta og gustprúðan gnúp  
og glitrandi jökul í mjallfögnum ljóma  
og bragandi norðurljós, bylgjandi djúp, —  
og blessar oss ætíð er söngvarnir hljóma.



# I. KAPÍTULI.

1. *Hver var Freyja?* Það mundi að öllum líkindum ekki þykja efnilegur unglingur, er notið hefði almennrar fræðslu í almennum barnaskóla, er ekki vissi deili á Freyju og gæti stamað fram þeirri úrlausn, aðspurður, að hún hefði verið ein af gyðjum Ásatrúarinnar fornheiðnu. En þessi spurning hefur samt sem áður dvalizt og þvælst alveg ótrúlega fyrir höfundu eftirfarandi ritgerðar.

2. *Hver var Freyja?* Já, hvað skal segja? Hver var hún? Höfund eftirfarandi samsetnings hefur lengi langað til að greiða eitthvað fyrir þessari spurningu, og hefur í því tilefni orðið að fletta upp nokkrum hundruðum bóka og fornra handrita, en þar með er þó ekki sagt að honum takist að svara þessari spurningu aðgengilegar en venjulegum skólakrakka með sinni einföldu úrlausn. Það verður því að byrja á því að biðja væntanlega lesendur velvirðingar og umburðarlyndis. Efnid er víða langsótt og erfitt viðfangs, en fyrir þessu ræður þó engin fordild, heldur er þetta samantekið af sannleiksást og góðum vilja.

3. *Freyja var skáldgyðja af fornegypzkum og forngrískum uppruna, löguð við hæfi handa norrænum anda.*

4. Í fornum fræðum *krýsostomosa*,  $\zeta$ : gullmunnanna gömlu og horfnu: *brísiana* = *prisciana* = *krýsiana*, er merkir „gulljóna“, með öðrum orðum: *upprunann*,



dularnáttúru gullsins, upphaf orðsins í guði, sem er eitt og óaðskiljanlegt og er skapari allra skapaðra hluta; þar er sagt frá uppruna Freyju. Gullmunnarnir, eða jónarnir fornu, er vóru allt í senn: leiksoppar, gagnrýnendur, sjáendur og saumarar egyptzku örlagatjaldanna, eftir að þriðja og fjórða konungsættin egyptzka gerðist innsiglaður örlagavaldur mannkynsins á Jörðinni, um visst ákveðið tímabil, eða nánar sagt frá árinu 2622 f. Kr. til ársins 2994 e. Kr. — Það var Khúfú (Cheop), sá mikli Faraó, er Biblían nefni Jahve „drottinn hersveitanna“, er á 16. ríkisári sínu lauk við að fullgera og innsigla steinritninguna miklu í Egyptalandi, er enn stendur sem mesta mannvirki og furðuverk veraldarinnar. En árið 2994 verður hlutverki Pýramídans mikla lokið, og tekur þá við önnur eilífð og annað örlagatímabil, sem enn hefur ekki verið sett eða ákveðið. Frá þessu öllu er sagt í fræðum Kölska, (Kolskeggs vitra í Krýsavík, f. 996, d. 1054; þau fræði eru ekki til í söfnum, en Kölski var einn af síðustu nemendum í Launhelgunum egyptzku), þar er einnig sagt frá uppruna Freyju og Brísingamensins, sem hvortveggi er óaðskiljanlegt, enda af einum og sama uppruna. Gullmunnarnir gátu sjálfir Freyju, skáldgyðjuna, með sinni eigin Bezlu eða Bellingsmey, nefnilega með sjálfri Jörðinni eða Jarðarkúlunni: Sværu (Sphere), og gáfu henni Brísingamen, öðru nafni Prísingamen eða Krýsingamen, en það þýðir „gullmen“, og var það þeirra eigin hjarta, og gáfu hana Óði = Andanum, sínum innra manni eða skáldinu, hvar sem var á jörðinni, og gátu með henni *Hnoss*, en það er mesta gersemi dauðlegra manna og gildir jafnt í öllum kynjum tungunnar: karlkyni, kvennkyni, hvorugkyni = maður, kona, barn. Á þessari kynjun orðanna í mæli og hrynjanda ásamt upprunanum,

hreyfingunni, óminum, byggðu gullmunnarnir lögmál tungunnar. Sennilega hefur aldrei uppi verið með nokkurri þjóð Jarðarinnar annar eins meistari í orðlist og málsnilld eins og Kolskeggur vitri. Hann er skapari norrænnar tungu. Það er því ekkert skáldaskrök, heldur guðdómlega heilagur og innblásinn sannleikur, er Einar skáld Benediktsson segir um mál okkar, þessarar litlu eybyggju norðursins: „ — þú drottning allra heimsins tungna!“

5. Freyja var eigi goðborin nema í aðra ætt, og þó eigi að fullu. Faðir hennar, Njörður frá Nóatúnum, var að vísu goðborinn, en þó upphaflega litlu meir ein hálfguð. Njörður, faðir Freyju, var uppfæddur í Vanaheimum (é: Álfheimum), en Vanir gislugu hann guðunum, og tóku í mót, að guðagisling, þann er Hænis heitir: „*varð það að sætt með guðum og vönum*“. Þegar sú sætt varð fullgerð, fékk Njörður bústað á himni, þar sem heitir Nóatún. Njörður varð þá gerður guðkunnugur og fengin goðmög. Hann ræður yfir göngu vinda og stillir sjá og eld, á hann skal heita til sæfara og til veiða. Hann er svo auðugur og fésæll, að hann má gefa þeim auð landa og lausafjár, er á hann heita til þessa.

6 Njörður á þá konu, er Skaði heitir, dóttir Þjassa jötuns. Skaði vill hafa bústað þann, er átt hafði faðir hennar, það er á fjöllum nokkurum, þar sem heitir Þrumheimur; en Njörður vill vera nær sæ. Þau sættust á það, að þau skyldu vera 9 vetur í Þrumheimi, en þá aðra 9 í Nóatúnum; en er til kom, taldi Skaði óþægt þar að vera: „*kvaðst eigi sofa mega svo nærri sæ fyrir fuglsjarmi*“. Bað þá Njörður hana vera í Þrumheimi, þá er hana lysti. Þá fór Skaði upp á fjallið, og byggði í Þrumheimi, og fer

hún mjög á skíðum og með boga, og skýtur dýr. Skaði heitir og öndurguð eða öndurdís.

7. Njörður í Nóatúnum gat síðan tvö börn, son og dóttur; hét sonur *Freyr*, en dóttir *Freyja*, þau voru fögur álitum og máttug. *Freyr var einn ágætasti af Ásum*; hann ræður fyrir regni og skini sólar, og þar með ávexti jarðar; hann ræður og fésælu manna. *En Freyja er ágætust af Ásynjum*; hún á þann bæ á himni, er *Fólkvangur* heitir. Freyja er valkyrja, en beitir þó eigi vopni öðru en gullmeni sínu, *Brísingameni*, og lækna þá fleiri en hún fellir. Og hvar sem hún ríður til vígs, þá á hún hálfan val, en hálfan Óðinn. Salur hennar, í Fólkvangi, heitir Sessrýmnir, sá er mikill og fagur, og á þar hver sæti, er koma skal. En er Freyja fer heiman, úr himni sínum, ekur hún köttum 2, hvítfressum, og situr í reið. Hún er nákvæmest mönnum til áheita, og af hennar nafni er það nafn, er ríkiskonur eru kallaðar frúvur eða frúr (ç: frúr). Henni líkar vel mansöngur og á hana er gott að heita til ásta.

8. *Freyja* er tignust með *Frigg*, eiginkonu Óðins; en Frigg er æðst allra Ásynjanna, og veit hún örlög manna, þótt hún segi eigi spár. Frigg á þann bæ er *Fensalir* heita, og er hann allveglegur.

9. *Freyja var gefin þeim manni, er Skáld heitir eða Óður, og er hann ætíð skáld*. Dóttir þeirra heitir Hnoss; hún er svo frið og fögur, að af hennar nafni er það hnoss kallað, er fegurst er og gersamlegast.

10. Skáldið Óður, maður Freyju, átti hjarta af hreinu gulli, og tungu þá, er allt mátti mæla. Fór hann því í braut, langar leiðir, að leita yrkis, því hann vildi kanna allan heim og segja fregn og binda í (h)ljóði, að hvergi týndist

og spilltist, en Freyja grætur eftir, *en tár hennar er gull rautt*. Freyja á mörg nöfn; en sú er sök þess að hún gaf sér ýmis heiti, er hún fór með ókunnum þjóðum að leita Óðs. Hún heitir Mardöll, Hörn, Gefn, Sýr, Elja, Snor, Huld, Bezla, Edda, Móðir, Nátt, Úra, Sværa eða Sphere. Hún er og kölluð in grátfagra Vanadís, Krýsúður, Brísúður, Prísúður, Hulda, Huldumóðir, Huldudís, Jóna, Brísing, Íra, Lodda. — *Freyja átti Brísingamen*. Það var hjarta Óðs, manns hennar, og grét hún það til sín, frá honum, er hún hafði hans lengi leitað, en hvergi fundið. En Brísingamenið hafði þá sömu náttúru sem Freyja var kynjuð að upphafi, að það var að hálfu ættað úr *Vanaheimum*, frá álfum og huldufólki, en að hálfu frá guðum og mennskum mönnum, þeim er unnið gátu sér ódauðleik. Það var þess gildi, að lækna og lina sár manna og sóttir allar, en þrautalaust andlát ella, væri að kalli komið. <sup>1)</sup> En færi menið laust meðal mennskra manna, og *brugðið út af reglum Vana*, hvarf náttúra þess aftur til álfa.

11. En þá er Óður hafði misst hjarta sitt, ið góðgullna, í hendur Freyju, konu sinnar, þá varð hann að heimta annað sínu lakara; féll það eigi við tungu hans, svo sem vera átti, og spillti það (h)ljóði, svo óður kenndist eigi þar hann kom. Var honum þá margvíslega úthýst og á grindur hrakinn; hann var þá í förumannskufli, slitnum og hrjáðum, og á knjám kalinn. En hvar er Freyja kom, og spurði Óðs, þá var hann jafnan þaðan brott snúinn og á braut hrakinn, því hann kenndist hvergi áður Freyja spurði

---

<sup>1</sup> Freyja er og kölluð „**Menglöð**“, í seinni tíma skáldskap, vegna Brísingamensins góða.

hans. En Alfaðir sá til ferða Óðs, úr Hliðskjálfinni, og kenndi tungu hans, hvar hann fór, og skildi honum opnar hallir sínar og himinn, og allt til reiðu, hvenær er hann koma vildi.

## II. KAPÍTULI.

1. *Afsprengi guðanna.* — Greinarhöfundur hefur fyrirhitt lærða menn og leika, er verið hafa þeirrar skoðunar, að Freyja hafi verið kona Óðins yfirguðs, eða forsætisguðs Ásanna og að maður sá, Óður, er hún var gefin, sé sama nafnið og Óðinn. *En þetta er alrangt og háskalegur misskilningur.* Óður var mennskur maður, tákn innra mannsins, skáldsins, gullmunnans, þess er mælir gull orðsins af tungu. En orðlist ins vígða gullmunna er *galdur*, sá galdur, er sigrar efnið og opnar alla heima.

Með þekkingu *orðsins*, samfara reynslu þeirri, er því er samfara, að kynnast efnisheiminum og kafa hann til þrautar, nær skáldið því stefnumiði, er því er ætlað, og jafnframt er fögnuður himnaríkis: *að sigra efnið, án eigingirni, til að finna sinn eigin uppruna og sameinast honum í takmarkalausum frelsi.* Orðið er guð gullmunnans og skapari allra skapaðra hluta. Það er skynja ými eða óminn, hræringum, hreyfinguna, það er að finna guð. En hýmir er sá, er hefur efnið fyrir sinn guð. Það er þursinn. — Í upphafi var *orðið*. *Orðið* var með guði. *Orðið* var guð. Gullmunninn er allstaðar auðþekktur, hvort heldur er í ræðu, riti eða (h)ljóði, því hann kunngerir hvarvetna visst tákn, er felst í orðinu sjálfu, og þeir einir skilja, er þekkja lykilinn, — leyndarmálið.

2. Fornu guðirnir höfðu einkvæni, en voru þó frjálsir að friðlum. Hjónaskilnaðir og hrossakaup í kvennamálum voru áreiðanlega ekki eins vel stunduð og meðal kvikmyndaleikara nútímans. Aftur á móti þótti það ekki nema sjálfsagður hlutur, þótt guðirnir ættu afsprengi með móður-jörð, eða Bellingsmey,

eins og skáldið mikla og gullmunninn, Kolskeggur vitri (Kölski), segir fyrir munn Óðins í Hávamálum:

„Bellings<sup>2</sup>)mey  
eg fann beðjum á  
sólhvíta sofa;  
Jarls-yndi  
þótti mér ekki vera  
nema við það lík að lifa.“

3. Óðinn gat Þórr, son sinn, þann inn sterka, við Jörðinni: Eddu Sværu Bellings-mey, en ekki við gyðjunni Frigg, eiginkonu sinni, enda var Þórr, eins og kunnugt er, ægilegur jarðvöðull. Óðinn átti og annan son, Vala, með Sværu Rindar, en það er einnig jarðarkenning. *Jörð* er hvarvetna í fornum fræðum sögð móðir Þórs, en *Rind* móðir Vala, en Óðinn faðir beggja. Baldur, Bragi og Viðarr voru aftur á móti heilguðir, — skilgetnir synir Óðins og eiginkonu hans, Friggjar. Þeir Æsir, 12 að tölu, er voru guðkunnugir, lifðu í einkvæni, en höfðu fullt

---

<sup>2</sup> „Billingsmey“, eins ot stendur í prentuðum útgáfum Hávamála (og víðar), er alrangt, og stafar sennilega af misskilðu hljóðmerki afritara, þar eð stafirnir e og i hafa sama merkistákn, bæði í áttundarrúnum og latínuletuksstafrófi Kolskeggs vitra frá árinu 1044. Bellings-mey er Jarðarkenning = jarðnesk mey, líkamleg vera. Sama gildir um orðið „**Sværa**“ í forn máli; það er tákn fagurrar konu í fyllsta blóma, sem girnilegur, fullþroska ávöxtur. Í engilsaxnesku er orðið Sværa stafað **Sphere**, (framb. Sveir) en það merkir Jarðarhnöttinn eða Jarðarkúluna. — Bellings-mey og Sværa er því sama kenningin = líkamleg fullþroska jarðnesk mey, fögur og yndisleg = bellin, hnellin, þrýstín, formfögur. Bellingurinn = kúlan, er fullkomnasta form alheimsins, — inniheldur hringinn og öll önnur tákn og lögmál algebrunnar.

frelsi til að hafa Jörðina: Eddu Sværu Bellingsmey, að friðlu sinni, þá er þeim þóknaðist í langferðum sínum, því Jörð var dóttir Ónans, þ.e. þess, er fellis sæði sitt laust. En í stað þessara fríðinda, fengu gyðjurnar, eiginkonur guðanna, þá ívilnun og þau hlunnindi, að mega eiga fleiri en einn eiginmann, en þó ekki utan nánustu vé- og sífjabanda ættföðursins. Getur þessa, meðal annars, mjög skýrt og ákveðið í III. kapítula Ynglingasögu, en sá kapítuli hljóðar svo:

*„Óðinn átti tvo bræður. Hét annar Vé, en annar Vílir. Þeir bræður hans stýrðu ríkinu, þá er hann var í brottu. Það var eitt sinn, þá er Óðinn var farinn langt í brott, og hafði lengi dvalizt, að Ásum, þótti örvænt hans heim. Þá tóku bræður hans að skifta arfi hans, en konu hans Frigg, gengu þeir báðir að eiga. En litlu síðar kom Óðinn heim. Tók hann þá við konu sinni.“*

\* \* \*

4. Edda er móðurkenning og merkir Móður Jörð, og svo var um Óð, mann Freyju, að hann var *eddu*-sonur, en guðgetinn að faðerni. Svonefndir fræðimenn eiga flestir ósköp bággt með skilninginn, að átta sig á, af hverju nöfnin eru dregin: „Sæmundar-edda, Snorra-edda“, og hafa verið með ýmsar tilgátur þessum nöfnum óhrærandi. En þó er þetta sagt skýrt og skorinort í Snorra-eddu, sem þó er ekki annað en lítilfjörlegt, lauslegt og afbakað hrafl úr gömlum gullmunnafræðum (Kölska-fræðum), nefnt í Snorra-eddu: „Gylfaginning og Skáldskaparmál, (Braga-ræður)“ — er Snorri lét ritara sína draga út og setja saman til að geta komið að sínum eigin hörmulega leirburði um Hákon konung, og Skúla hertoga, er hann nefnir: „Háttatal“, og var síðar drepinn fyrir. En í Snorra-eddu segir svo í Skáldskaparmálum: *„Sværa heitir vers móðir. Móðir heitir og edda; eiða heitir móðir“*. Á öllu þessu sést, að guðirnir gátu afsprengi með jörðinni, engu síður en með eiginkonum sínum í himninum, og var það ekki reiknað sem framhjáataka. Er þetta ekkert fjærri því sem sagt er í Nýja-testamenti heilagrar ritningar um getnað Maríu, móður Jesú,



enda er Biblían rituð af gullmunnum eins og norræna goðafræðin upprunalega, — aðeins önnur grein á einum og sama stofni.

5. Guðinn Heimdallur var sonur 9 mæðra, er allar vóru systur. Mæður Heimdallar voru dætur Ægis (Gimis Hlérs) konungs og Ránar drottningar, og hétu þessum nöfnum: *Himinglæfa, Dúfa, Blóðughadda, Hefring, Úður, Hrönn, Bylgja Dröfn, Kólga*. Í Snorra-eddu er þess ekki beint getið, að Heimdallur sé sonur Ægisdætra, sá kafli er þar látinn niður falla, aðeins tilfærð ein vísa eftir Úlf Uggason, en í þeirri vísu er þó beinlínis sagt að Heimdallur sé sonur þessara hafmeyja allra, og er Loki Laufeyjarson kallaður þar „dólgur Heimdallar“, af því hann varð óbeint þess valdandi, að Heimdallur kom í heiminn, eins og hann var óbeint þess valdandi að Freyja fæddist, því fyrir Loka verknað var það, að Skaði, dóttir Þjassa jötuns, fósturmóðir Freyju komst í goðheima og giftist Nirði frá Nóatúnum, er hún hélt vera Baldur, sonur Óðins, því hún fékk ekki að velja nema að fótum. En í upprunalegum fræðum Krýsa, er sú saga til þess sögð, að systur þessum varð sonar auðið, að Ægir konungur sótti heimboð til Ásgarðs, en er hann var búinn til heimferðar, þá bauð hann til sín Óðni og öllum Ásum á þriggja mánaða fresti. Var veizla sú að öllu vel búin að fyrirhyggju og fagnaði. Fóru þar til boðs flestir Æsir. Fremstir þeir Óðinn og Njörður, Freyr, Týr, Bragi, Viðarr, Loki; svo og Ásynjur: Frigg, Freyja, Gefjun, Skarði, Iðunn, Sif. Þórr var eigi þar, hann var þá farin í austurveg að drepa tröll. Þar vóru og þjónustumenn Freys, Byggvir og Beila. Margt var þar dverga og álfa, dísa og vætta. En er guð öll höfðu skipast í sæti, þá lét Ægir bera inn á hallargólf lýsigull, það er birti og lýsti alla höllina, sem eldur, sem í Valhöllu vóru sverðin fyrir eld. Að þeirri veizlu vannst allt sjálft, bæði vist og öl, og öll reiði, er til veizlunnar þurfti. Ægir átti tvo þjónustumenn, Fimafeng og Eldir. Ægir sat í öndvegi með Óðni, en gengt þeim Frigg og Rán drottning og út frá þeim dætur þeirra Ránar og Ægis konungs, allar 9 saman, forkunnar fagrar og gersamlega búnar að klæðum

og skarti. Þá var þar fagnaður mikill og griðastaður góður. Rómuðu allir einum munnni hversu veizla sú var vel veitt og setin, og hversu góðir þjónustumenn Ægis vóru. Loki mátti eigi heyra það, og drap hann Fimafeng, en sá gætti ljósa, og rökkvaði þegar salinn. Sigu þá brýn Ægis konungs og þrýngdust svo mjög, að til ógna horfði, en Loki hljóp til skógar. Datt þá í húm í höllinni, sem þá er slettir í dauðalogn fyrir ofsastormi. Mátti þá enginn mæla, og var nú svo sem oftast, að Loki hafði stofnað guðum til fyllsta vandræðis. En þá er mál var að mæla, þá varð það að sætt, að sífjabönd tækjust með þeim Ægi og Ásum. Skaptist þá Heimdallur og báru hann að syni þær Ægisdætur, allar 9 saman og vóru þá allar meyjar.

Heimdallur var þegar frumvaxta, mikill og fagur, og fór hann með ásum. Hann var hár og heilagur. Hann er kallaður Hvíti-Ás. Hann býr þar er heitir Himinbjörg við Bifröst; hann er vörður guða, og situr þar við himins-enda, að gæta brúarinnar fyrir bergrisum. Þarf hann minna svefn, en fugl; hann sér jafnt nótt sem dag hundrað rasta frá sér. Hann heyrir og það, er gras vex á jörðu eða ull á sauðum, og allt það er hærra lætur. Hann hefur lúður þann er Gjallarhorn heitir, og heyrir blástur hans og hljómur í alla heima. Sverð hans er gott mjög. Heimdallar-sverð er kallað *höfuð*.

### III KAPÍTULI

1. *Nöfn og nafngiftir.* — *Hver var meistari Priscianus?* Í íslenskri „*magia candida*“ og „*magia diabolica*“, (sem aðeins er til í einkæign og hvergi á söfnum), kemur víða fyrir, að Kolskeggur vitri (Kölski) er kallaður meistari Priscianus, Bricianus og Krýscianus, þegar minnzt er á hann í sambandi við fyrsta „*latínumannna*“-*stafrof*, er hann gaf íslendingum, fyrstur manna, árið 1044, og „*jarteinaðri*“ hvern rúnastaf með enskum staf úr latínuletri. En Priscian, Brician og Krýscian, er allt eitt og sama nafnið, af gulljóna uppruna (Chrýsostom). Hver sannur fræðimaður veit þó, að nafn meistara Priscianusar er miklu eldra, eða m.ö. orðum látið gilda svo, að það sé jafn gamalt latínunni. Priscian er latnesk afbökun frá uppruninum og eins er með Brician Höfuð meistara Priscian's er þegar brotið strax í nafngiftinni.<sup>3)</sup>

---

<sup>3</sup> Pris'ci-an [After Priscian, the Roman grammarian]. A grammarian; also a grammar!; — in the phrases, „Priscians a little scratched“, designating a slight grammatical error, and „breaking Priscian's head“, defiantly violating grammatical dogmas. — Pris'-ci-an-ist, n. (New International Dictionary; Second Edition, Unabridged).

— Priscian [ad. L. Priscian-us] Name of a celebrated Roman grammarian, c. 500-530: used esp. in the phrase to break

2. Priscian eða meistari Priscianus, faðir latínunnar, var enginn einstakur maður, heldur ber þetta mikla 18 binda ritsafn, sem kennt er við hann, öll einkenni þess, að þar hafi gullmunnur = (Chrýsostom) verið að verki. Þetta geysilega ritverk: „*Institutiones grammaticæ*“, er talið ritað kringum 500 e. Kr., og í öllum merkustu alfræðiorðabókum kennt við meistara Priscianus frá Cæsarea í Mauretaníu, er lifað hafi í Konstantinopel kringum 500 e. Kr. En nafngiftin er „error“, eins fyrir það þótt það standi í *Encyclopædia Britannica* og öðrum nafnfrægum og ágætum alfræðiorðabókum. Stofninn er úr grísku: Chrýsos = gull, og Priscian og Bríscian latneskar þýðingar eða afbakanir af þeim uppruna. Fyrst og fremst báru í fornu rúnalettri stafirnir k, p og b, eitt og sama

---


(cnock) Priscian's head (phate), to violate the rules of grammar. (L. *diminuere Prisciani caput*). — c. 1525, Skelton: *Sp. Parrot*, 176: „Priscians hed broken now handy dandy, and Inter didascolos is rekened for a fole.“ — c. 1533, R. List in *Ellis Orig Lett. Ser. III. II. 252*: „Many a tyme when he (Father forest) hath preched: „I have harde hym soo often breke Master Precyens hede“. — c. 1588. SHAKS. *L.L.L.V.i 31* (vitnar til hins og segir það sama). — 1606: Sir G. Goscappé, *I. IV. in Bullen O. Pl. III. 26*: „Will speake false Latine, and breake Priscians head“. — c. 1633: Gerard Deser Somerset (1900), 224: „Knocking poore Priscian's pate soe familiarly as in most ancient eidense they doe“. — c. 1644: BUTLER, *Hud. II. ii, 224*: „[They] hold no sin so deaply red, As that of breaking Pricians Head“. — c. 1728: POPE *Dunc. III. 162*: „Some free from rhyme or reason, rule or check, Brek Priscian's head, and Pegasus neck“. — c. 1849. H. COLERIDGE: *Ess. (1851). II., 124*: „If he has not broken Priscian's head, he has at least boxed his ears.“.

táknið, er mjög var ruglast og villst á, þá er farið var að snúa rúnaleturstáknum til latínuletsstafrófs, en það var ekki fyrr en á fyrstu áratugum 12. aldar, því þó að Kolskeggur vitri semdi latínuletsstafróf við áttundarrúinir árið 1044, þá var það svo ungt, er hann og þeir gullmunnarnir voru drepnir, haustið 1054, að það var vart komið í fulla notkun, og þá ekki nema aðeins meðal þeirra sjálfa samhljóða rúnalettrinu. Það líða full 70 ár frá dauða Kolskeggs vitra þar til Ari fróði fer loks að draga til stafs með latínuletri, en forna stafrofi Kolskeggs vitra er öllu breytt og umturnað og þá auðvitað ekki til betri vegar. Þá var öll áherzlan lögð á það, að snúa fornu staffræðinni „*á danska tungu þ.e. íslenzku*“ til að þóknast drottnum landsins, eftir að það var komið undir erlend yfirráð. Segir svo í formála fyrir staffræði aftan við Snorra-eddu, rituðum af óþekktum höfundum um lok 13. aldar eða við byrjun 14. (Ritgjörðir tilheyrandi Snorra-Eddu, Útgefin af Sveinbirni Egilssyni rektor og Dr. Theol, Reykjavík, 1848). — „Skal yður sýna hinn fyrsta leturshátt, svo ritinn eptir sextán stafa stafrófi í danskri tungu (þ. e. íslenzku), eptir því sem Þóroddur rúnameistari og Ari prestur hinn fróði hafa sett í móti Latínnumanna stafrófi, er meistari Priscíanus hefur sett. Hafa þeir því fleiri hljóðsgreinar með hverjum raddarstaf, sem þessi er tungan fátalaðri, svo og það má undirstanda með hljóði umbeygilegu, hvössu og sljóvu, svo að einnar tíðar fall væri í hvorutueggja stafrófi, til þess að skáldin mætti þá mjúkara kveða eptir nýfundinni leturlist, en hafa eigi hvert orðskrípi, það sem fornskáldin nýttu, en hálfu síðar auka í enn verrum orðum, en áður hafa fundin verið“. — (Langt stendur nú þessi náungi að baki fornu meisturunum, höfundum Völuspár og Hávamála o. fl. og

þó er hann uppi á hátindi þess tíma, er nútímafræðimenn kalla „ritöldina“).

3. Mjög virðingarverð er *Þriðja staffræði* Snorra-eddu, samin af Ólafi Þórðarsyni hvítaskáld: „málskrúðsfræði“, (saman tekin fyrir miðja 13. öld), en þar sýnir hann, með ljósum dæmum, hvernig fara skuli að því að snúa forna ísl. rúnalettrinu á *danska tungu*, og minnst á fornt ísl. rúnamál með fornu ísl. latínustafrófi. Meðal annar sýnir hann (Ó. Þ.) hvernig hans hátign Valdimar Danakonungur, lætur sér sæma að þýða ísl. rúnaletur „á *danska tungu þ.e. íslenzku*“: „Þessa stafi og þeirra merkingar compileraði minn herra Valdimar Danakonungur með skjótu orðtæki á þessa lund“:

sprængd    manns    hok    flýði    tuvi    boll.



„Hér er *sól* fyrst skipat, ok bæði sett fyrir s latínustaf ok z girðskan staf, ok köllum vér þat *knésól*, ef hon er svo ger, *h*, en z hefir náttúrliga í sér tveggja stafa ljóð, *c, s*, eða *g, s*, ok er því hvorgi þeirra stafa ritaðir í rúnamáli *eða í fornu latínustafrófi*; nú eru þeir stafir því í stafróf settir, at skjótara þikkir at rita einn staf, en tvo. Þar næst stendr *k*, ok er *bjarkan* á þá leið ritit, *ef þat stendr fyrir p latínustaf*, ok hefir sá rúnastafr 2 *dumba stafi* í sér, þá er úlíkir eru í ljóði. En því eru *opnir belgir gervir á k*, þá er þat hljóðar fyrir *p*, at þat skal meirr *sundrloknum vörrum nefna en b*.“ —

Síðan heldur höf. (Ó. Þ.) áfram að útskýra rúnastafina, til latínuleturs, í ofangreindri setningu Valdimars Danakonungs. En stórmerkilegast er þetta fyrir þá sök, að Ó. Þ. sýnir hér fram á, með ljósum rökum, að sami

rúnastafurinn: K, getur gilt bæði sem k, p, og b, og *Krýscian, Priscian, Briscian* er því eitt og sama orðið, eftir nýju latínu-leturs stafsetningunni, með tilliti til rúnaletursins. —

4. Þar við bætist svo, að nöfn eru stöðugum breytingum undirorpin í framburði og mállýskum í sínu eigin heimkynni, hvað þá heldur á flækingi sínum fram og aftur milli ýmissa þjóðtungna. Það er víðar en í latínunni, að meistara Priscian's höfuð er brotið. Hvert nafn fær svo sitt eigið ták og þýðingu, þótt allt megi rekja til einnar og sömu uppsprettu. Svo var um öll nöfn Óðins, að Gangleri gat ekki orða bundizt: „*Geysi mörg heiti hafid þér gefid honum, og það veit trúá mín, að þetta mun vera mikill fróðleikur, sá er hér kann skyn og dæmi, hverir atburðir hafa orðið sér til hvers þessa nafns.*“ Þá svarar Hár: „*Mikil skynsemi er að rifja vandlega það; en þó er þér það skjótast að segja, að flest heiti hafa verið gefin af þeim atburði, að svo margar sem eru greinar tungnanna í veröldinni, þá þykkjast allar þjóðir þurfa að breyta nafni til sinnar tungu til ákalls og bæna fyrir sjálfum sér; en sumir atburðir til þessa heita hafa gerzt í ferðum hans; er það fært í frásagnir, og muntu eigi mega fróður maður heita, ef þú skalt eigi kunna að segja frá þeim stórtíðindum, er nú teljast í Óðinsheitum.“*

Alfaðir Allfaðir Angantýr Arnhöfði Atriður Auðunn  
Báleygur Biflindi Bileygur Bruni Brúnn Bölverkur  
Böllungur Drapsviðnir Dresvarpur Ennibrattur Eylúður  
Farmaguð Farmatýr Fjallgeiguður Fjölnir Fjölsviður  
Fráriður Frekráður Fornelfur Gangari Gangráður Gangleri  
Gapprosnir Gautur Geirloðnir Genglir Geirölonir Ginnir  
Gerráður Gestur Gestumblindi Gizurr Glapsviður Gollur

Grímnir Grímur Gunnar Gunnblindi Göndler Haftaguð  
Hagyrcur Hangaguð Hangatýr Hárbarður Hárr Hávi  
Helblindi Hengikjafur Herblindi Herjaföður Herjan  
Herteitur Hilmir Hjálmbæri Hjarandi Hleifruður Hlæfreyr  
Hrafnaguð Hrammi Hnikarr Hnikúður Hríjótur  
Hrosshársgrani Hroftur Hrosti Hrostaler Hropatýr  
Hugaguð Hvatmóður Hveðrungur Jafnhár Jálkur Jölnir  
Jörmundur Jörundur Kjalarr Langbarður Munaguð Njótur  
Óðinn Ofnir Ómi Óski Rögnir Saður Sanngetall Síðhöttur  
Síðskeggur Sigföður Sigautur Sigðir Siggí Sigmundur  
Sigtryggur Skollvaldur Skelfiingur Skilvingur Svafnir  
Sviðrir Sviðurr Svipall Svölnir Tileygr Tvíblindi Úður  
Vafúður Valföður Vakur Valgautur Valtýr Veratýr  
Vingnýr Viðrir Viðurr Viðurmímir Vöfúður Yggur  
Ývingur Þekkur Þriði Þróf Þroftur Þrúður Þrundur Þúður  
Þundur Ölgur Ölgautur.“

5. Það þekkest enn í dag, að kóngakyni eru gefin allmörg nöfn, svona til að vera viss um að eiga til skiftanna, í brýnustu nauðsyn, en hér mun þó sannarlega slegið metið, og „*mikil skynsemi er að rifja vandlega það*“,“ hvernig þessi nöfn eru öll undirkomin og til orðin, því hvert einasta nafn á sína sögu eða sögur, hvert og eitt einasta út af fyrir sig. Það var einmitt þetta, sem fornu gullmunnarnir lögðu svo ríka áherzlu undir; *Að vita réttan og sannan uppruna og þá réttu og sönnu undirstöðu*. „Varðar mest til allra orða, undirstaðan rétt sé fundin.“ Þá fyrst hefur maðurinn fundið frelsi sitt og getur orðið sjáandi, vitringur, spekingur, skáld og skapari, og þá jafnframt frelsari þeirra, sem hægt er að frelsa úr ánaud heiskunnar. Það er ekki nóg að vera lélegur sporgengill og flaðrandi trúhundur einhverra kennisetninga, er varpa öllum sínum pinklum og þjónkum á frelsarann, að hann



borgi fyrir alla leti og ómennsku, heimsku, sviksemi og glappaskot! Nei og aftur nei! Það er vissasta leiðin til helvítis. Enginn frelsari hefur komið, eða verður nokkru sinni í heiminn sendur til slíkra og þvígíkra skítverka. Engin lifandi sála hefur nokkru sinni, eða getur nokkru sinni öðlast frelsi, nema með því eina og einasta móti, *að vinna fyrir því sjálf!* Frelsarinn er aðeins kennari þinn og brautryðjandi, en ekki gjaldkeri heimsku þinnar, eða pinklaberi leti þinnar og ómennsku:

*„Þrælajörð þér veröldin verður  
verk þíns sjálfs nema geri þig frjálstan.“*

## IV. KAPÍTULI

1. „Þjófur Brísingamens.“ — Freyja seld og fengin aftur. — Loki Laufeyjarson hafði nær komið því til leiðar, að Freyja yrði seld í Jötunheima. En Loki leysti veðið aftur með vélráðum sínum. *Hann hafði og vélað Iðunni í Jötunheima*, en af eplum hennar héldu Æsir æsku sinni, en á hún var á brott, gerðust þeir skjótt hárir og gamlir. Loki var athafnasamastur af öllum Ásum og lét hann himin og jörð nötra og skjálfa fyrir framkvæmdum sínum og vélræði. Loki er þrumu- og örlagavaldur goðanna, og þúsund sinnum athafnameiri og slægari en nokkur Júdas kristinnar. Eigi verður annað séð, en Æsir eigi öll sín örlög og alla sína hefð og gengi undir athöfnum og aðgerðum Loka.

2. Vegna slægvizku Loka og kænsku, eignast Æsir flestar sínar gersemar og dýrmætustu kostagripi, er gáfu þeim máttinn og valdið til allra hluta, bæði á himni og jörðu. Loki er þeirrar hamingju og örlagahreyfill, og þeir eiga honum fleira og meira að þakka, en nokkur orð fá tjáð. Og samt er hann þeirra bölvaldur. Þeim ferst líka allt annað en guðlega við Loka. Annaars er þarna, í norrænu goðafræðinni, um svo stórfenglegan skáldskap að ræða, sem er langt frá því að menn hafi enn veitt viðunandi athygli, enn sem komið er. Loki er nokkurskonar tákn efnishyggunnar og vélavaldsins, eða vélræðisins í

heiminum. Hann er andskoti guða og gullmunna, og á hina sveifina ómissandi, en þó þeirra ofjarl vegna undirferlisins og slægviskunnar. *Loki* ber undraverðan keim af *Satan Guðssyni* í Jobsbók Biblíunnar, enda er það ekki nokkrum minnsta vafa undirorpið, að þangað er fyrirmyndin sótt. Norræna goðafræðin stendur svo hátt að skáldlegri íþrótt, að það er engin leið í önnur horn að venda.

*Eins og hæzta fjall heimsins gnæfir yfir allt láglandi jarðarinnar, og réttir tinda sína hátt mót himninum, eins gnæfa kvæði Jobsbókar, enn í dag, yfir allan annan skáldskap veraldarinnar.*<sup>4)</sup>

---

<sup>4</sup> (Í fornum gullmunnafræðum (Kölskafræðum Krýsa = Chrysostom) er höfundar Jobsbókar sérstaklega getið, og sagður þar einhver mesti meistari og yfirgnæfandi töframaður orðlistarinnar. Hann hét Eli-Há, og var goðborinn, son Barakels Busida af Ramakynstofni, en það var guðaætt. Eli-Há var austurlenzkur vitringur, fæddur um 900 f. Kr., og vígður gullmunni úr Launhelgunum þegar á unga aldri. Það er Eli-Há sjálfur, er talar síðastur í Jobsbók, áður en Jahve kemur fram og svarar Job úr stormviðrinu. Eli-Há klæddist förumannakufli, mjög óhrjáleghum, og flakkaði land úr landi sem beiningamaður. Hann fór sjá og vötn fótgangandi, sem væri það fastaland, og honum skaut upp hingað og þangað á ótrúlegustu stöðum, án þess menn gæti gert sér nokkra grein fyrir hvernig hann hefði þangað komist. Hann gisti marga konunga og þjóðhöfðingja, en vildi engan greiða af þeim þyggja og eigi heldur neinskonar upphæfð og metorð. Í stað þess sagði hann þjóðhöfðingjum óspart til syndanna, lýsti fyrir þeim öllu þeirra lífshlaupi og ástríðum, falsi og fyrirætlunum, og eins fyrir það, þótt hann hefði aldrei séð þá eða heyrt áður. Svo var kraftur mælsku hans mikill að margir læknuðust meina sinna, dauðir risu upp, en

3. Loki var mörgum sinnum slægvittrari og athafnameiri en allir hinir guðkunnugu Æsir til samans. Það verður því að segjast, með sanni, að Æsir áttu allt sitt líf og öll sín örlög undir Loka og hans ráðum og athöfnum. Loki var örlagavaldurinn að tilveru Freyju, því hann varð þess valdandi að Skaði, móðir hennar, hafnaði í ásgarði og gekk að eiga Njörð í Nóatúnunum. Síðan er Loki kallaður „*Þrætudólgur Skaða*“. Á líkan hátt varð Loki og örlagavaldurinn að sköpun og tilveru Heimdallar, syni þeirra 9 meyja, dætra Ægis konungs og Ránar drottningar. Þar fyrir er hann nefndur „*Þrætudólgur Heimdallar*.“

4. Í fornum fræðum er spurt: „*Hvernig skal kenna Loka?*“ Svo, að kalla hann Lopt, son Farbauta og Laufeyar og Nálar, bróður Blýleists og Helblinda, föður Vonargands (Það er Fenrisúlfr) og Jörmungands (það er Miðgarðsormur), og Heljar og Narra og Ála, frænda og föðurbrúður sinna og sessa, Óðins og Ása; heimsæki og

---

aðrri féllu til jarðar, og dauðir fuglar vöknudu og flugu burt í ofboði af pönnum steikaranna. Villdýr, merkur og skóga, sóttu að honum úr öllum áttum, flöðruðu til hans og sleiktu fætur hans, og eigi vildi hann matast nema með hundum og hvíla í hunds bæli. Hann var afleitlega séður af kennimönnum og veraldlega valdinu og margsinnis færður í fjötra og fangelsi, en hann var jafnan horfinn á óskiljanlegan hátt, þegar að var gáð og til átti að taka, því það héldu honum hvorki hlekkir né múrar. Fer tvennum sögum um afdrif Eli-Hás. Önnur er sú, að ræningjasveitum, er sendar vóru til höfuðs honum, hafi tekist að ráða hann af dögum; en hin, að hann hafi sloppið úr greipum þeirra ræningjanna og horfið austur til Himinfjalla.

Það er Eli-Há sem er fyrirmynd Óðs, föruskáldsins mikla, manns Freyju, í norrænu goðafræðinni).

kistuskrúð Geirröðar: þjófur Brísingamens og Iðunnarepla og hafurs og jötna; Sleipnis-frænda; verr Sigynjar, goða dólgur, hárskaði Sifjar, bölvva smiður, sá enn slægi Áss, rægjandi og vélandi guðanna, bundni Áss, þrætudólgur Skaða og Heimdallar.

\* \* \*

5. Nú skal sú saga sögð, hvers vegna Loki er kenndur „Þjófur Brísingamens“ og „Sleipnis-frændi.“ Mun þá hver dómbær lesandi geta séð, að Æsir máttu vel við una þær aðgerðir Loka: Gangleri spyr: „Hver á þann hest, Sleipni?, eða hvað er frá honum að segja?“ Hár svarar: „Eigi kantú deili á Sleipni, og eigi veistú atburði, af hverju hann kom, en það mun þér þykja frásagnar vert: Það var snemma á öndverða byggð goðanna, þá er guðin höfðu sett Miðgarð og Valhöll, þá kom þar smiður nokkur, og bauð að gera þeim borg á þrem missirum svo góða, að trú og örugg væri fyrir bergrisum og hrímþursum, þótt þeir komi inn um Miðgarð. En hann mælti sér það til kaups, að hann skyldi eignast Freyju, og hafa vildi hann sól og mána. Þá gengu Æsirnir á tal og réðu ráðum sínum, og var það kaup gert við smiðinn, að hann skyldi eignast það, er hann mælti til, ef hann fengi gert borgina á einum vetri. — En hinn fyrsta sumardag, ef þá væri nokkur hlutur ógjörri af borginni, þá skyldi hann af kaupinu. Skyldi hann og af engum manni lið þyggja til verksins. Og er þeir sögðu honum þessa kosti, þá beiddist hann að þeir skyldu lofa, að hann hefði lið af hesti sínum, er Svadilföri hét; en því réð Loki, að það var tillagt við hann. Smiðurinn tók til inn fyrsta vetrardag að gera borgina. En um nætur dró hann til grjót á hestinum; en það þótti Ásum mikil undur, hversu stór björg sá hestur

dró, og hálfu meira þrekvirki gerði hesturinn en smiðurinn; en að kaupum þeirra voru sterk vitni og mörg særi, fyrir því að jötuninum þótti ekki tryggt að vera með Ásum gríðalaust, ef Þórr kæmi heim, en þá var hann farinn í Austurveg að berja tröll. En er leið veturinn, þá sóttist mjög borgargerðin, og var hún svo há og sterk, að eigi mátti á þar leita. En er 3 dagar lifðu eftir til sumars, þá var komið mjög að borgarhliði. Þá settust guðin á dómstóla sína og leituðu ráða, og spurði hver annan, *hver því hefði ráðið, að gifta Freyju í Jötunheima*, eða spilla loftinu og himninum svo, að taka þaðan sól og mána og gefa jötnum; en það kom ásamt með öllum, að þessu mundi ráðið hafa, sá er flestu illu ræður, *Loki Laufeyjarson*, og kváðu hann verðan ills dauða, ef eigi hittu hann ráð til, að smiðurinn skyldi af kaupinu, hvað sem hann kostaði til. Og ið sama kvöld, er smiðurinn ót út eftir grjótinu með hestinn Svaðilföra, þá hljóp þar úr skóginum merrhryssi nokkurt að hestinum, og hrein við. En er hesturinn kenndi hvað hrossi þetta var, þá æddist hann, og sleit sundur reipin, og hljóp til merarinnar, en hún undan til skógar; og smiðurinn eftir, og vill taka hestinn, en þessi hross hlaupa alla nótt, og dvelst smiðin þá nótt; og eftir um daginn var ekki svo smíðað, sem fyrr hafði orðið. Og þá er smiðurinn sér, að eigi mun lokið verða verkinu, þá færist smiðurinn í jötunmód. En er Æsir sá það til viss, að þar var berggrisi kominn, þá varð eigi þyrmt eiðunum, og kölluðu þeir á Þórr. — Og jafnskjótt kom hann, og því næst fór á loft hamarinn Mjólnir, galt þá smíðarkaupið, og laust það fyrsta högg, er haussinn brotnaði smá mola, og sendi hann niður til Niflhel. En Loki hafði þá ferð haft til Svaðilföra, að nokkurru síðar bar hann *fyl*, það var grátt og hafði 8 fætur. Það er

Sleipnir, og er sá hestur beztur með guðum og mönnum.“  
— *En Freyja hélt meni sínu með guðum, því menið er hún.*

## V. KAPÍTULI

„Undur Íslands“ — „Egypzkir skuggar“.

1. Herra Gísli Oddsson, er var biskup í Skálholti á árunum 1632—1638, lagði nokkra stund á sagnfræði og náttúrufræði, og samdi tvö rit í því skyni, að fræða útlendinga um landafræði og náttúru Íslands. Ketill Jörundsson, dómkirkjuprestur Gísla biskups, snéri ritum þessum á latínu. Það rit er enn til, en frumrit biskups er glatað. Herra Jónas Rafnar, yfirlæknir á Kristsneshæli, hefur snúið ritum þessum á íslenzku, og þessi rit, bæði saman, síðan gefin út á Akureyri, á forlag Þorsteins M. Jónssonar, og ber nöfnin: „*Íslenzk Annálabrot*“ (Annalium in Islandia farrago) og „*Undur Íslands*“ (De Mirabilibus Islandiæ). Þýðing hr. J. R. hefur tekist með þeim ágætum að hreinasta nautn er að kynna sér efnið; málblær og stýll nýtur aðdánlega, svo sem renni það ljóslifandi úr penna þessa fágæta og elskulega 17. aldar kennimanns.

2. Síðari hluti bókarinnar: „*Undur Íslands*“, er töluvert lengri en fyrri hlutinn, ritaður 1638, á síðasta valdsári Gísla biskups, og tekur yfir fullar 82 síður.. Þessi hluti er í 40 kapítulum og hefst á þessum formálsorðum höfundarins, Gísla Oddssonar biskups: „*Þann 18. apríl, 1638 byrja ég á lýsingu þeirra undraverðu hluta, sem fyrir koma í föðurlandi mínu, og vildi ég óska, að árangurinn yrði að sama skapi farsæll, sem viljinn er*



*einlægur, hugurinn hreinskilinn og áhuginn fyrir sannleikanum. Snúi því guð til góðs.“*

3. En það er sérstaklega vakti athygli þess, er þessa ritsmíð nú ritar, er málsgrein í 4. Kap. í „Undur Íslands“, er heitir: „*Jarðskjálftar og ýmiss konar hræðileg eldgos*“. Þetta er á bls. 64 í „Undur Íslands“, í niðurlagi ofangreinds kafla. Er þá líkt og biskup hvarfli frá efninu og sjái innri og æðri sýnir. Hans herradómur tekur líkt og skyndilegt og óvænt hliðarhopp, úr efni því er hann er að rökræða, og skellir fram þessu merkilega innskoti:

*„— Til þess að ég þreyti ekki lesarann eða virðist ætla að segja neitt ógeðfellt, mundi ég engu bæta við þetta, ef gagnstæður kraftur skapferlis míns kallaði ekki fram í huga mér á þessum stað, að ég hef fræðzt um það af gömlum annálum fornanna, að ófreskjuskuggar og áþreyfanleg egypzk myrkur hafi einhverntíma, og ef til vill nokkrum sinnum, ráðizt inn í þetta fjöðurland vort og varpað skugga á það. — Ég hef ekki fundið tilgreint, hve lengi þeir hafi haldizt í hvert sinn, né ártölin. — En þetta eru ekki þau myrkur, sem taka alveg fyrir sól og dagsljós og koma af sandskjújum á vissum stöðum og í fjöllum, á meðan þau eru að spýja eldi, heldur einhverjir aðrir furðulegir skuggar.“*

4. Þetta er stórmerkileg frásögn og sannarlega þess virði að henni sé sérstaklega gaumur gefinn. Herra Gísli Oddsson biskup talar hér ekki að gamni sínu, eða út í bláinn. Hann var enginn flysjungur. *Bak við þessi orð hans leynist undraverð furða*. En hvað er það, sem býr þarna undir, að orðabaki? Veit biskup meir en hann segir? — Að vísu mætti segja, að hjátrú miðaldanna, galdratrúin, og það botnlausu andlega myrkur vanþekkingar og

hleypidóma, er þá var í almætti sínu, hafi skilið þarna eftir *snakk*, gnagandi undan grunni heilbrigðrar skynsemi. En því er ekki til að dreifa þarna. Með tilliti til aldafarsins á þeim tíma er ritið er samið, verður ekki annað sagt, en herra Gísli Oddsson sé óvenju heilbrigður og slingur rithöfundur, hleypidóma- og ofstækislaus, hreinskilinn, háttprúður, glöggskyggn og raunsær. hann veit sín eigin takmörk, þekkir þau og skilur og þjónar þeim út í æsar. Margir rithöfundar nútímans, sem flaggað er með furðu-hátt, mættu vara á honum, ef hann væri nú uppi. Gísli biskup hefur öll einkenni beztu rithöfunda. Hreyfing orða hans er sviflétt og hröð, og stórum meira víðsýnis og raunsæis gætir í frásögn hans allri, en algent var um kennimenn og kirkjuhöfðingja á því aldarfars skeiði, er hann var uppi. Herra Gísli Oddsson er rithöfundur af guðs náð, en auðvitað þó barn síns tíma. En hann er óvenjulegt og elskulegt guðsbarn. Friður skaparans og allra góðra vætta veri æ og æfinlega með sál hans!.

\* \* \*

5. Sannleikurinn er sá, að vér, þessir pottormar, er nú byggjum Jarðarkúluna, lifum undir örlögum Egypzkra skugga. Og einnig vér, þessi fámenna þjóð, er hýrst hefur hér á þessu Eylandi norður hjarans, er kallað hefur verið Ísland, eigum öll okkar örlög undir þessum Egypzku skuggum. Forfeður vorir, gullmunnarnir, er gáfu okkur tunguna og guðamálið, ortu Edduljóðin eins og Völuspá og Hávamál og önnur sígild meistaraverk, frumsömdu beztu fornsögunar og landnámuritin og konungasögur fram til miðrar 11. aldar, — þeir vissu þetta allt út í yztu æsar, þótt vér vitum það ekki nú, eða viljum ekki vita. — Ioan „enn gamli“, frumhöfundur Hávamála, Njálu o.f.

meistaraverka, voru báðir lærðir og vígðir gullmunnar úr Launhelgunum Egypzku. Kolski eða Kölski er lítilisháttur samdráttur á nafni Kolskeggs vitra í Krýsavík, það er styttra og þægilegra í framburði, en að nefna allt nafnið. Allir kannast við styttinguna: Gvendur úr Guðmundur, jafnvel Guðmundur biskup góði fór ekki varhluta af því að verða nefndur Gvendur, sambr. Gvendardagur, sem lengi var heilagur haldinn og við hann er kenndur.

6. Tungan lagar sig ætíð eftir því sem auðveldast er að leysa hljóðið, án tillits til hugsunar um undirstöðu og uppruna, og orðin síðan iðulegu ritið eftir framburði. Nafn Kolskeggs vitra er venjulega ritað: Kske eða Kolske í seinni alda galdrafræðum, þar sem sögð er saga hans og lífsstarf. Það var kirkjuvaldið sem útskúfaði nafni Kolskeggs vitra, og kom því inn hjá almúganum, og reyndar flestum kennimönnum líka, að þessi mikli meistari hafi verið djöfull. Það var iðulega viðkvæði, allt fram undir lok síðustu aldar, að ef einhver aðkomandi var spurður fréttu, hvernig þessi eða annar hefði það, er þótti óvenjulega duglegur að bjarga sér, hygginn og forsjáll og fór sínar eigin leiðir, að svarið var: „Og hann hefur það nú held ég gott og bærilegt, lifir eins og blóm í eggi *eins og Andskotinn í Krýsavík*.“

7. Í þessu sambandi munu menn minnst þess, að galdrar og kukl er í þjóðsögum vorum meira og minna bendlað við Kölska og samninga við hann.

Bæði „*Kölski*“ (ϕ: Kolskeggur Ýrberason) og „Sá gamli“, (ϕ: Jón Kjarvalarson), voru lærðir, vígðir og eiðsvarnir gullmunnar (Chrýsastom); er sagt að Kölski hafi verið einn af síðustu fullnumum Launhelganna, áður en þær lögðust niður.

8. Pýramídinn mikli (Cheops) er í skjaldarmerki Köska, en fyrir ofan geislatopp Pýramídans, eða Krists-steininn svonefnda, sem í raun rétttri var aldrei settur á topp Pýramídans, því smiðirnir höfnuðu honum, sem fyrirboða þess, að gyðingar höfnuðu Kristi. — Þarna rétt yfir geislatoppi Pýramídans, er í skjaldarmerkinu hjartalaga tákn, er það gullmenið góða, merki skáldgyðju gullmunnans, eða m. ö. o. *Brísingamen Freyju*. (sjá mynd af skjaldarmerkinu).

9. *Brísingamen* (öðru nafni Prisinga eða Krýsingamen) helguðu gullmunnarnir skáldgyðju sinni (Bezlunni, *é*: þeirri beztu), hvar sem hún var, en gáfu það skáldgyðjunni Freyju í norrænu goðafræðinni, Ásafræðinni.

10. Gullmunnar skoðuðu örlögin sem vísindi, óyggjandi staðreynd; þekkingin kom þeim í trúarstað, og algjört frelsi ásamt speki og vizku var þeirra æðsti drottinn. Guðshugmynd þeirra stóð ekki ein og sér, fyrir utan og ofan takmörk mannlegs skilnings eða mannlegs máttar. Þekkingin á mannum og mannlegu eðli og ástríðum var sama og þekking á guði, efnið og andinn var óneitanlega tvinnad saman, og þeir viðurkenndu enga guði nema sem áður hefði lifað í jarðneskum líkama. Það voru mennirnir sjálfir, er settu örlagatímabil og sköpuðu það, því guð og maður var af einum og sama uppruna, en vitrustu og völdugustu konungarnir settu örlögin og skipuðu þau til ákveðins tíma, af því þeirra var valdið, mátturinn og dýrðin. Þrátt fyrir þetta viðurkenndu þeir Alvaldið, en einungis sem óformaðan leyndardóm, og settu það sem tákn núllsins í algebrunni, sem merkir ekki neitt, en gefum þó hinum 9 virkilegu tölum óendanlegt

gildi í samverkandi hreyfingu. Núllið var því leyndardómurinn, Alvaldið, og um leið tákn hringsins í algebrunni, en hringurinn hefur hvorki upphaf né endi, en innan hans er þó að finna allar flatarmyndir algebrunnar og öll tákn leyndardómsins. Bellingurinn = kúlan er fullkonnasta formið, sameinaður líkami óteljandi hringa.

11. Gullmunninn Lao-tse, austurlandavitringur, uppi um 600 árum f. Kr., lýsir þessari heimsskoðun gullmunnans einna ljósast í bók sinni Tao-te-king „Bókin um dyggðina og veginn“, þar sem hann talar um fyrsta leyndardóminn. Hann segir: „Í upphafi var *leyndardómurinn*, áður en himinn og jörð urðu til, fullkominn, formlaus — í hátíðlegri kyrrð. Hann varð til af sjálfum sér, óumbreytanlegur — allsstaðar og óprotlegur.

Hann má nefna móður allra hluta.

Ég veit ekki nafn hans, en kalla hann Alvaldið.

Ef ég á að lýsa því frekara, nefni ég það óendanlegt.

Óendanlegt rennur það í stöðugum straumi. Það streymir burt og fjarlægist, og úr fjarlægðinni nálgast það aftur.

Alvaldið, himininn, jörðin og konungurinn eru nefnd máttarvöldin. Þau eru fjögur, og vitur konungur er eitt þeirra.

Lögmál mannsins er af jörðunni; lögmál jarðarinnar er af himni; lögmál himinsins er frá Alvaldinu.. Alvaldið hefur sitt lögmál í sjálfu sér.“

Það sem hér er talað um, að vitur konungur sé eitt af máttarvöldunum, þá er þar fyrst og fremst átt við konungsríki andans. „Víst er ég konungur,“ sagði

gullmunninn Jesú frá Nazaret, „en mitt ríki er ekki af þessum heimi.“

12. Eitt er það, sem gullmunninn telur eitthvert syndsamlegasta athæfi manna, *en það er stritið*. Ekki svo að skilja, að gullmunninn sé meðmæltur leti og ómennsku, – það er öðru nær, því sannur gullmunni vinnur meir ein þúsund manna verk. Stritið er andstyggt guðs, skaparinn vinnur án strits, og þar sem vitið og hugsunin ræður, vinnst verkið sjálfkrafa.

13. Gullmunninn Kwant-tse, uppi um 400 árum fyrir Kr. segir: „Ef vitur maður og viljasterkur forðast strit, án þess að vera haldinn af leti, kemur jötunstyrkur hans í ljós; í djúpri þögn munu orð hans hljóma sem þruma, og kraftar himnanna munu starfa í samræmi við vilja hans.“

14. Skáldflug fornu gullmunnanna spannaði allan himingeiminn, raunsæi þeirra var miskunnarlaus; stærðfræðina tóku þeir í þjónustu orðlistarinnar og orðlistina í þjónustu stærðfræðinnar. Alheiminn töldu þeir fólgin í hverri lífveru, *en ekki lífveruna fólga í alheiminum*, annars gæti enginn sköpun og ekkert líf átt sér stað. Örlagavaldið bjó því í lífverunni sjálfri, en hún var ósjálfbjarga leiksoppur þess, meðan hana skorti vitið og þekkinguna á uppruna sínum og innsta eðli, en það er fólgið í eftirfarandi:

„Það verður að hugsa hvert verk áður en það er unnið, allir hlutir eru fyrst undirbúnir í huganum, í ósýnilegum heimi, áður en þeir birtast í efninu, *ð*: sýnilega heiminum; þeir verða til í hugsjóninni, áður en þeir fá á sig fasta mynd, þeir eru skapaðir í því andlega og ósýnilega, áður en þeir koma fram í líkamlegu efni. Ósýnilega ríkið er því ríki orsakanna. Sýnilega ríkið er ríki afleiðinganna. Eðli

afleiðinganna er því ætíð ákvarðað og háð eðli orsakanna.“

15. Af þessum ástæðum getur vitur maður og viljasterkur frestað forlögum um stundarsakir, án þess að hoga nokkurnstaðar af hólmi og eykur með því andlegan hag sinn og sálubót. Það er nefndur frívilji. En út fyrir eðli afleiðinga og orsaka kemst hann hvergi.

16. Í gullmunnafræðum er Jesús frá Nazareth talinn sá æðsti, tákni mannlegrar fullkomunar undir örlagavaldi Cheops (ϕ: Jahve). Hann var gullmunni (Chrýsostom), lærður og vígður fullnumi úr Launhelgunum og brottskráður þaðan með einkuninni: „*Sá eini sanní*“, (θ: Sá er koma átti og koma skal, meistari meistaranna)<sup>5</sup>. Jesús frá Nazareth er talinn þar, réttum þúsund árum á undan Kolskeggi vitra.

17. Það var Jesús Kristur er sagði: „Himnaríki er ið innra með yður,“ en í þessum orðum felast allar veraldir með tákni og innsigli gullmunnans.

18. Í fornum fræðum Krýsa (θ: Chrýsostom), er þess getið, að núverandi örlagatímabil mannkynsins á Jörðinni, hefjist árið 2622 fyrir Krists burð, og endi árið 2994 eftir Krist. Þetta er þó aðeins einn áfangi eða dagleið frá *eilífð til ælífðar*, (en það eru tvö orð ígjörólíkri merkingu). Þar með er talið „þúsund ára ríkið“, er hefjast á nú fyrir lok þessarar aldar, (20. aldarinnar). Eins og getið var lítillaga í byrjun I. kafla þessarar greinar, þá er það fjórða

---

<sup>5</sup> Chryst eða Christ þ.e. Kristur, er samstofna orðinu Chrýs; þ.e.: „meistari gullmunnanna.“ Skírnarnafn hans var aðeins Jesús, og er enn í dag mjög algengt gyðinganafn

konungsættin egyptzka, sem er örlagavaldur mannkynsins fyrir þetta tímabil, og það var enginn annar en sjálfur Jahve, Drottinn hersveitanna, sá mikli guð ísraelsmanna, er Biblían er skráð fyrir, er þá var holdgaður undir nafninu Khúfú (Cheop), er setti þetta örlagatímabil, því hann lét fullgera og innsigla steinritninguna miklu, Cheop's-Pýramídann, á 16. ári ríkisstjórnar sinnar. Það er fyrsti og mesti Pýramídinn og stendur enn í dag sem langsamlega efnismesta, hugvittsamlegasta og dularfyllsta mannvirki veraldarinnar. Allt örlagatímabilið er skráð í Pýramídann, með algebrutáknum. Þess vegna eru allar táknmyndir í magia candida (ð: hvítagaldri) byggðar á egyptzkum fræðum og útreikningi, samkvæmt táknmáli Pýramídafræðinnar og stjörnuvísindanna í alheiminum ásamt örlagavaldinu og er því meðverkandi stillilögmálsins. Þvert á móti er svonefndur svartigaður, (nekromanteia og magia diabolica) mótverkandi stillilögmálsins og niðurrif þess, og er voði hverri mannsál við að fást og hefnir sín grimmilega í „*karma*“, lögmáli orsaka og afleiðinga.

19. Sannur gullmunni á aldrei nokkra verndara, hann fer sínar eigin leiðir, óháður öllu veraldlegu valdi, og starfar því aldrei fyrir nokkurn söfnuð, flokk eða klíku. Hann þolir engin bönd, er hefta frelsi hans á nokkurn hátt, en hann talar alstaðar eins og sá sem vald hefur, eins fyrir það, þótt hann sé lítilsvirtastur, snauðastur og umkomulausastur allra lífvera jarðarinnar. Hann er því ávallt illa séður af veraldlega valdinu og æðstu prestunum (kyrkingunni). Gullmunninn Jesús Kristur, sagði eftirfarandi orð um sjálfan sig: „*Refar eiga greini, fuglar*



*himinsins hreiður, en mannsönurinn á hvergi höfði sínu að halla“.*

20. Gullmunninn er allstaðar útskúfaður úr mannlegu félagi og rétttrápur hvar sem hann finnst. En sannur gullmunnur hopar aldrei af hólmi. Það væri gagnstætt frelsishugsjón hans. Hann lætur heldur lífið. Hann segir: „*Hræðist ekki þá sem líkamann deyða, en geta ekki líflátið sálina.*“

21. Gullmunninn Lao-tse, einhver mesti spekingur og vitringur, sem nokkru sinni hefur verið í heiminn borinn, (uppi um 600 f. Kr.) sagði eftirfarandi um sjálfan sig:

„Fólk unír sér við gleði og glaum, eins og þegar haldin er fórnarhátið eða menn litast um úr háum turni á vordegi. *Ég einn er hljóður, og engin löngun hreyfir sig hjá mér. Ég er eins og lítið barn, sem er ekki farið að brosa.*

*Ég er einmana og yfirgefinn, eins og ég ætti hvergi heima. Almenníngur hefur gnægtir góðra hluta, en ég einn virðist fara alls á mis. Ég er sem fíráðlíngur, frá sér numínn. Aðrir menn ljóma af hyggíndum; á míg einan ber skugga. Þeir hafa ærna dómgreínd; ég einn er heimskur.*

*Ég er sem borínn af bylgjum hafsíns og virðist hvergi eíga búna hvíld.*

*Allir aðrir hafa eíthvað að starfa; ég einn er duglaus og klaufalegur. Ég einn er öðruvísi en hínir, en ég heíðra náttúruna, – þessa nærandi móður allra hluta..“*

\* \* \*

22. Hverníg stendur nú á því að gullmunninn er allstaðar svona einn og yfirgefinn í mannlegu félagi?

Því er auðsvarað. Hann er andlegur konungur, en ríki hans er ekki af þessum heími.

En hann er maður engu að síður, og háður öllum mannlegum þörfum, tilfinningum og áskynjunum.

Hann er ekki heimskur sérvitringur, heldur er hann óskabarn náttúrunnar, en skynjun hans, tilfinning og dómgreind er miklu næmari en fjöldans, sem ekkert hugsar og ekkert skilur, en miðar þó allt við sjálfan sig.

Svo kemur „kyrkjan“ og kennivaldið og klýfur guðinn frá mannum og einangrar hvern um sig, guðinn og manninn.

En guð og maður er þó eitt og hið sama, óaðskiljanlegt.

Það er galli kristinnar „kyrkju“, að hún vill hafa Krist fyrir guð, *en ekki mann*.

Menn ættu að athuga hvernig farið var með Krist sjálfan og síðan með kenningar hans.

Öllu hefur verið umsnúið eins og meistarinn sagði sjálfur: *„Þér hafið umsnúið sannleika guðs í lýgi, göfgað og dýrkað skepnuna í stað skaparans, sem er blessaður um aldir.“*

Þessi umsögn frelsarans gildir enn í dag, og þá ekki sízt um „kyrkju“ hans: *„þar glæparistnin til heiðnidyggðar trúboðar ræningjans rétt“*, eins og skáldið Einar Benediktsson kemst að orði, en E.B. var sannkristnastur allra manna, sem höf. þessa lína hefur kynnst. Matthías Jochumsson var heiðingi í samanburði við hann. Matthías var innblásið skáld, eða skáld af guðs náð, ef menn vilja orða það svo, og hann var *algyðingur*, en ekki sannkristinn, enda þótt hann væri kristnari en flestir aðrir kirkjunnar þjónar, því Matthías var vígður prestur, sem E.B. var ekki.

Það er óttinn við það, að vizka og dýrð guðs geti falist í tötralegum manni, er hvarvetna ræður í heiminum. Þess vegna verður að gefa þeim tötralega eitthvað af þessu, en hann má ekki gefa það öðrum, sem hærra eru settir að mannvirðingum.

*Vér verðum fyrst að kynna þkur ið mannlega eðli Krists, að hann var maður eins og vér og háður nákvæmlega sömu líkamlegu lögmálum.*

En þarna er ekki við lambið að leika sér, því þessa þekkingu hefur „kyrkjan“ ekki viljað að almúginn hefði.

Þess vegna hefur ekki mátt útvíkka guðshugmyndina úr hófi fram. „Kyrkjan hefur viljað halda henni einhversstaðar, á góðum stað, fyrir utan manninn, en það var ekki tilætlunin, að hún kæmist inn í hann.“

23. Sem dæmi um hræðsluna við útvíkkun guðshugmyndarinnar, má geta þess, að þegar ljóðaflokkurinn: „*Njóla, eða hugmynd um alheimsformið*“, eftir þjóðkunnan vísindamann, öðlinginn Björn Gunnlaugsson yfirkennara, kom fyrst út, en það var um miðbik síðustu aldar; var Njólu þá yfirleitt ekki vel tekið af alþýðu manna, en síður en svo af geistlegu stéttinni. Njóla er 518 erindi í ferskeytluformi, og lærðu fróðleiksþyrstir menn, og jafnvel konur, kver þetta spjaldanna milli og kunnu það reiprennandi. En mörgum prestum fannst þetta ofrausn við guðdóminn og jafnvel hættuleg villukenning, svo þeir, sem röggсамastir voru, bannfærðu Njólu og brenndu henni. Einn merkisprestur, sem þó ekki var í hópi þeirra ofstækisfyllstu, sendi höfundinum eftirfarandi kveðju í vísuformi:

„Ekkert ský og ekkert fis  
á yðar skyggði sólu

hefðuð þér ekki helvítis  
hnoðað saman Njólu!“

\* \* \*

24. Þegar kvæðið „Sigmundur Brestisson“, eftir Einar Benediktsson, birtist fyrst á prenti, kom það í tímaritinu Skírni. Það var rétt fyrir lok annars áratugs þessarar yfirstandandi aldar. Þetta er ekki einungi eitt af beztu kvæðum E. B. heldur líka eitt af snjöllustu og spámannlegustu kvæðum, sem ort hafa verið á ísl. tungu, og er þá langt til jafnað. Í þessu merka kvæði er meðal annars þetta eftirfarandi erindi: „Kvöldheimur nyrðra, með trúna frá Ljósrunans landi, þarf líf, ekki dauða, frá klerknum, í Júðastafinn. Hagvenjist kristnin ei saman og Alföður andi vekst Ásinn til lífs því djúpt var hann aldrei grafinn. Um öndvegi sögunnar berjast kærleiki og kraftur. Svo kórdjáknar syngi, að norrænn sé frami ei tafinn. Heyr heimsloka spá, það er kristni sem yngist upp aptur, með aflþróun sálna — er verður í norðrinu hafin.“

25. Um þetta kvæði sagði einn fyrrverandi merkisprestur, er þá var orðinn ritstjóri blaðs fyrir einn stjórnmalaflokkinn: „Skírnir er nýkominn og hefst á kvæði eftir Einar Benediktsson, Sigmundur Brestisson; stirðlega rímuð blaðagrein með trúarlegu heimspekigutli.“ Því næst taldi hann Skírni lélegt rit, meðal annars fyrir það að flytja slíkan leirburð og þvætting.

\* \* \*

26. Þegar gríski kirkjuhöfðinginn mikli Jóhannes frá Antiochia (St. John Chrysostom, 345 — 407), snérist í lið með æðsta sannleikanum (uppsprettunni) og gerðist *sannkristinn*, snérust hans veraldlegu háyfirboðarar þegar

á móti honum. Hann var hrakinn frá embætti, fangelsaður og fjöttraður og fluttur úr einni dyflissunni í aðra. Loks dó hann af illri meðferð í hrakningi milli fangelsa með eftirfarandi orð á vörum: „Lofaður sé drottinn meistari vor, guð og faðir, fyrir alla skapaða hluti!“

Jón eða Jóhannes frá Antioch, (það er sama nafnið) var ekki viðurkenndur gullmunni (Chrýsostom) fyrr en löngu eftir dauða sinn. John Chrýsostom eða Jóhannes frá Antioch er í alfræðiabókum og víðar, talinn faðir gullmunnastarfseminnar, sökum mælskulistar sinnar, er hafði verið með afbrigðum stórfengleg og töfrandi; en gullmunnastarfsemin er miklu eldri, og hefst opinberlega með skráning heilagrar ritningar, þúsund árum fyrir Krists burð.

27. Gullmunnastarfsemin var miklu fremur raunveruleg vísindastarfsemi en trúarbrögð. Þeir leituðu guðs, og fundu hann, í manssálinni, og himnaríki innra með sér, og örlögin vissu þeir og þekktu eins og taflmeistarinn manntaflíð, þó hann viti sig geta tapað fyrir öðrum slyngari.

28. Á 5. —6. öld e. Kr. var aðal-gullmunnastarfsemin með aðsetri á eyinni Iona í gríska Eyjahafinu, en fluttist svo, vegna uppreista, óeirða og ágengni sjóræningja, vestur á bóginn, og sett niður á Suðureyjaklasanum (nú Hebrædiseyjar) er þá töldust til Írlands. (Það sem nú heitir Skotland, hét þá Írland, en það sem nú heitir Írland hét þá Skotland). Eyja þessi var þá heitin Iona, eftir móðurnafni sínu í gríska Eyjahafinu. Allt var þetta gert samkvæmt örlagabendingum Cheopsmerkisins í Egyptalandi, því gullmunnarnir þekktu alla leyndardóma, stærðfræðiútreikninga og örlagabendingar Khúfúsar, sem

fólgna eru í Pýramídanum mikla. En laust eftir aldamótin 700, þegar norrænir víkingar, er þá og síðar voru yfirleitt nefndir *danir*, tóku að herja og ræna vestur á bóginn frá aðalbækistöð sinni á meginlandinu, er enn heitir Normandi í Frakklandi, var höfuðbækistöðin flutt norður til þessa óbyggða eylands, er nú heitir Ísland, en þá hét Þúla eða Þýli = Sóley, síðar Thule eftir að þ-ið hvarf úr engilsaxnesku stafrófi), og sett niður eftir útreikningi bendingargeisla Cheops-merkisins, þar sem enn heitir Krýsavík undir Gullbringum, er Gullbringusúsanna (e: sýslan) ber enn í dag. Víkin, við sjóinn, Gamla Krýsavík, er síðan kennd við Chrýsiana, gulljónana eða gullmunnana, og ber enn þeirra nafn, þótt nafn höfuðbólsins, Víkurinnar, flyttist síðar, eða nálægt 1340, sakir eldumbrota, hraunrennslis og eyðibyggingar, hærra upp í landareignina, alla leið upp í dalinn milli Gullbringanna, en það er enn í dag eina óbrunna svæðið á öllu Reykjanesinu. En fyrir eyðilegginguna var Krýsavíkurland blómlegasta svæði landsins og víða vaxið stórskógi. Eru enn þykkar jarðvegsspildur eftir til og frá á hæstu fjöllum og hnjúkum á þessu svæði, er sýna og sanna að þarna hefur til forna fagurt land verið. <sup>6)</sup> Í

---

<sup>6)</sup> Mest allt Reykjanes var, áður en það brann, lang blómlegasta og byggilegasti hluti landsins. Hálendið var allt, að heita mátti hulið þykkum jarðvegi og skógi þakið, og var sumt það, er kallast mætti stórskógur á okkar mælikvarða. Á síðustu ísöld hefur jökull ekki legið yfir meginhluta Reykjanesfjallgarðsins, það sýnir þykkt jarðvegsleyfanna, sem enn eru eftir til og frá í fjöllum á þessum slóðum. Allur annar jarðvegur á landi hér er miklu yngri, myndaður eftir síðustu ísöld, því á ísöldinni eyddu skriðjöklarnir öllum jarðvegi

Krýsavík (þeirri gömlu við sjóinn) var eftir þetta höfuðbækistöð Krýsiana og síðasta skipulagða starfsemi þeirra í veröldinni, starfrækt vitandi vits og í vaxandi gengi allt til haustsins 1054, að gerð var fullnaðaraðför að þeim, og þeir ýmist fangaðir eða drepnir. Það var Kolskeggur vitri, (Kölski) er þá var aðalforystumaður

---

landsins, þar sem þeir fóru yfir. — Í fræðum Kolskeggs vitra (Kölska), er sagt, og vitnað til fornra bóka, að byggð hafi verið hér á landi fyrir Syndaflóðið (ϕ: Nóaflóðið), en það var hlýindatímabil mikið, er gekk yfir allt norðurhvel jarðar alllöngu fyrir Krists burð. Þetta hlýindaskeið var svo stórfenglegt, að það eyddi miklum hluta af öllum jöklum á norðurhveli, og hækkaði yfirborð sjávar um marga metra, svo sjór lagðist yfir allt láglendi. Má sjá menjar þessa forna fjöruborðs, í jafnri hæð yfir sjávarmál, kringum allt landið. Aldur jarðvegsins á láglendinu hér á landi er því ekki eldri en frá síðari hluta þessa hlýindatímabils, að aftur tók að kólna, jöklar tóku að vaxa og yfirborð sjávar lækkaði á nýjan leik. Skógargróður sá, allvöxtulegur, er víða finnst í mómýrum, og sem næst botni, er síðasti vitnisburður þessa hlýindatímabils, er þá var að þrotna. Þetta forna fjöruborð hlýindatímans, er hvergi eins auðvelt að rekja og á Reykjanesskaga. Til dæmis hefur forni eldgýgurinn Þorbjörn, fyrir ofan Grindavík, þá verið eyja, því forna fjöruborðið, frá þessu tímabili, er umhverfis hann. Hvergi er önnur eins gullnáma fyrir náttúrufræðinga sem Reykjanesskagi, en allt er þar órannsakað enn. Þá mundu og fornfræðingar eiga þangað erindi. Eða langar þá kannske ekkert að vita hvað rústi Gömlu-Krýsavíkur hafa að geyma? Síðustu leyfar þessa stórbýlis hafa varðveizt á undraverðan hátt, umkringdar og greiptar í hraunstorkuna og bíða þar grasi grónar eins og þær hafa gert síðastliðin 600 ár. Yngsta gólfskánin hefur því tíðindi að segja frá þeim tíma. En hvaða fréttir kynni sú elsta að færa? — Höf.

Krýsa. Undir hans stjórn tók starfsemin öll þeirri stökkþróun, er einsdæmi er, hvar sem leitað er í veraldarsöggunni, en fyrirrennari hans, Ioan „inn gamli“ var þá örvasa orðinn og kominn að fótum fram.

29. Krýsar áttu mest allt þetta svokallaða „Landnám Ingólfs“, er þeir voru drepnir, og miklar eignir aðrar í löndum og lausum aurum, því þeir voru vellauðugir. Meðal annars voru 9 hafskip (kaupskip) af þeim tekin, en kaupskip þeirra sigldu mest til Suðurlanda og voru aðalviðskipti þeirra Marseille í Frakklandi, en fóru þó stundum allt til Egyptalands og inn í Nílárósa. Aðalviðskiptastaðir þeirra hér og skipalægi voru í Ölvésá við Arnarbæli og Hvítá í Borgarfirði. Fyrsti biskupsstóllinn á Íslandi, Skálholtsstóll, var stofnaður af reitum þeirra, skömmu eftir aðförina, eða nánar sagt árið 1056. —

30. Ungúlf Arnarson, fyrsta norræna landnámsmanninn, eða fyrsta „*danann*“, settu þeir til höfðingja yfir „*allan og einasta*“ byggða hluta landsins, og gerðu allan veg hans sem virðulegastan, „*til þess eins, að þar yrði ekki síðar á leitað með ránum og hernaði.*“

31. Landið var ekki meira en fullbyggt, er Noregskonungar fóru að reyna að ná því undir sig með Kristnina að vopni. Og strax með auknu páfakirkju og kóngavaldi, jukust andlegu átökin og taugastríðið milli kristni-kóngavaldsins og Krýsa, sem endaði, eins og kunnugt er, með sigri þess er kyrkti frelsið, þar af komið nafnið „kyrkja“ í norrænu máli (svo ritað til forna). Þessi sigur kyrkingarinnar (kirkjunnar), endaði, eins og kunnugt er, með glötun frelsis og sjálfstæðis þjóðarinnar og margra alda eymd og niðurlæging. Með kristnitökunni var þjóðin



raunverulega komin undir erlent áhrifavald, og þá fyrst og fremst Noregskonunga, og því aðeins tímaspursmál hvenær hún gæfist upp til þrautar og glataði öllu frelsi sínu. Þetta vissu Krýsar allt og sáu í hendi sér, löngu fyrirfram.

32. Og enda þótt þeir væru sannkristnari en sjálfur páfinn í Róm, og sá helgi konungur ránkristninnar, Ólafur digri Noregskonungur, og aðrir þeirra líkar, þá börðust Krýsar móti kristninni af oddi og eggju, á sína andlegu vísu, og gerðu Ása dýrkuninni allt til vegs og sóma. Þeir sömdu norrænu goðasögurnar og gáfu þeim það ódauðlega snilldarform, sem enn sést merki til í „Gylfaginning“ og „Skáldskaparmálum Snorra-eddu, enda þótt þar sé margt afbakað og niður fellt og víða hlaupið á hundavaði. Þeir ortu og nærkustu kvæðin, sem nú eru í bók þeirri, er á 17. öld var gefið nafnið „Sæmundar-edda“, þó vitað sé, að Sæmundur prestur Sigfússon í Odda (1056—1133) eigi þar engan staf í. Snorri Sturluson (1178—1241) á einnig furðu lítið frumsamið í þeim ritum, er við hann eru kennd. Snorri var fyrst og fremst veraldlegur höfðingi að raunverulegu upplagi, ráðríkur og metnaðargjarn; gifti sig til frá, um tvítugsaldur, einhverri ríkustu konu landsins og hlaut á þann hátt mikil mannaforráð, er hann kunni vel með að fara, því hann reis undan oki kirkjuvaldsins og hafði alla tíð sína eigin heimilispresta, vel lærða menn, er hann launaði að öllu úr eigin sjóði. Þessa menn lét hann rita úr fornu fræðum Krýsa og auka við, eftir beztu heimildum, því merkasta eftir þeirra daga, því gerzt hafði frá því um miðja elleftu öld. Það er ekki fullsannað, að Snorri hafi sjálfur verið skrifandi. Þó hefur fundist eitt orð: *Snore*, undir eignaskjali, sem haldið er að hann hafi sjálfur skrifað. En

hvað sem þessu líður, verður Snorra þó aldrei ofþakkað allt það er hann lét skrá og afrita og minning hans aldrei of mikill sómi sýndur, eins fyrir það þó tilgangurinn væri að koma að sínu eigin óskáldlega hnoði, er hann nefnir: „*Háttatal, um Hákon konung og Skúla hertoga.*“ Þetta var útflutningsvara, og það var „*snobbið*“, er þarna var aðal-lyftistöngin. Þarna var mikils trausts að vænta, frá móðurþjóðinni, og gott að eiga traust og sóma erlendu höfðingjanna í pokahorninu, landsmenn áttu þá orðið engin haffær skip og kaupsiglingunum haldið uppi af erlendum kaupmönnum. Það mátti því ekki seinna vera, að fara að snúa einhverju af fornu gullaldarbókmenntunum og færa þær kurteislega yfir: „*Á DANSKA TUNGU: það er Íslenzku*“.

33. Snorri á einnig furðu lítið frumsamið í bók þeirri, er kölluð er „*Heimskringla*“, því krýsinn Grímur Hrafnsson, af Mýramannakyni (f. 999), reit sögur Noregskonunga, fram yfir miðja 11. öld, og sögu frænda síns *Egils Skallgrímssonar* ásamt mörgu fleira undir umsjá og forystu meistara sinna: „*Gamla*“ og „*Kölska*“ (þ: Jóns Kjarvalarsonar „ins gamla“ og Kolskeggs Ýrberasonar „ins vitra“). En hitt mun rétt vera, þótt þess sé ekki getið í Heimskringluformálanum, að Snorri lét afrita þessi rit og auka þau og „betrumbæta“, eftir sínu höfði, svo þau yrðu hlutgeng „*Á DANSKA TUNGU*“.

34. Eigendur „danskra tungu“, erlendis, hafa stundum viljað eigna sér Snorra. Þeim er það vorkunnarlaust, einkum síðan konungar þeirra létu Gissur tengdason hans, er þeir svo gerðu að sínum eigin jarli yfir Íslandi, slá hann

af hér heima vegna óskiljanlegs kveðskapar annarsvegar, en óþægðar og stirðbusaskapar í landssölumálum hinsvegar.

Það hefur stundum reynst nokkuð dýrt „snobbið“, þó ekki hafi verið mikið til þess kostað í fyrstunni.

\* \* \*

35. Með auknu páfavaldi og kónga-kristniboði var jafnframt hafin skipulögð ofsóknar- og útrýmingarstarfsemi gegn gullmunnum, hvar sem þeir fyrirfundust. Þeir voru taldir vargar í véum, þrælar og illmenni. Þeir höfðu sjálfir sín eigin siðalögmál og hirtu því eigi um valdboð eða yfirráð þröngsýni og kyrkingar (kyrkju = kirkjunnar). Starfsemi Launhelganna var bannfærð og ofsótt svo hún lagðist niður, og loks var svo komið, að árið 1032 var lögtekið á Alþingi Íslendinga, að Lögbergi við Öxará, „*að allir fornezkjumenn skyldu útlægir af landinu*“<sup>7</sup>) Var þar sérstaklega átt við

---

<sup>7</sup> Þessa er sérstaklega minnst í seinni tíma galdrafræðum, (Kölskafræðum) og í Grettissögu er á þetta dregið, en frumhöfundur hennar heitir Rymskati Asklaugarson (1002—1056), einn af lærissveinum Kolskeggs vitra (Kölska). Það er frelsishetjan mikla og vísindamaðurinn Jón Sigurðsson forseti, er fyrstur manna veitir þessu athygli og getur þess opinberlega í Safn til sögu Íslands, II. 17, og fræðimaðurinn mikli og ágæti, dr. Jón Dúason, vitnar til þess sama og getur þess í Rjettarstaða Grænlands, nýlendu Íslands, bls. 377. — Annars var Jón Sigurðsson forseti meira en eingöngu frelsishetja okkar Íslendinga; hann er og einn af merkustu vísindamönnum þjóðarinnar. Jón Sigurðsson fann það, fyrstur manna, að ekki var allt með sem fullkornustsum kóngakjörum um skilning og tilorðningu fornfræðinnar í höfðum þáverandi fræðimanna. Í

---

bréfi til Jóns Þorkelssonar, síðar rektors, dagsettu í Kaupm.h. 30. júní, 1856, segir hann, Jón Sigurðsson, meðal annars: „**Mér þykir það mikils vert, að ég hefi fundið páfabréf, sem ég get ekki rengt, og eru eldri en frá árunum 900 og þar um bil, sem nefna Ísland og Grænland. Þar eru með þessi gömlu, sem menn hafa valið að hrekja, en nú eru komin fleiri til. Þá verður mín skoðun sú, að Ísland hafi verið þekkt fyrr og nefnt, en vér höfum sögur af, þó menntun sú, er frá Noregi kom, hafi sagan síðan yfirgnæft. — Það þykir mér og merkilegt, að ég get sannað, að textar norskra bréfa, t.d. Eysteins erkibiskups, hafa verið á latínu, og sú íslenska (norræna) af þeim sem vér nú þekkjum — því latínan er töpuð — er ekki annað en útlekking, gjörð á Íslandi. Þar með verða mörg þessi bréf, sem Norðmenn eigna sér, t.d. erkibiskupa statuttur, að öllum líkindum íslensk, en ekki norsk, og ergo — tek ég þau frá bræðrum vorum í Noregi. — Hér kennir þannig margra grasa, sem þér sjáið.**“ —

Hér má einnig geta þess, að í fornum fræðum Krýsa er frá því sagt að þeir voru búnir að sigla höf og kanna lönd langt til norðurs og vesturs frá Íslandi, löngu áður en norrænir menn komu til sögunnar. Og þeir voru búnir að gefa þessum löndum nöfn, er á síðari öldum hafa ruglast sitt á hvað. Land það er Eiríkur rauði nefndi Grænland, „svo menn fýsti heldur að fara þangað“, hét áður Svalbarði, en það sem nú er nefnt Svalbarð eða Spitsbergen, hét þá **Ægisland í Hafsbotnum** Íshafseyjan, er nú heitir Jan Mayen, hét þá **Ægisey**, og eldfjall það ið mikla og keilumyndaða, sem á eyinni er, og er herra en hæsta fjall á Íslandi, og nú er kallað Bjarnarfjall, og var og er jökli hulið, hét þá **Hvítserkur**. Þessi nöfn hafa síðan ýmist týnzt eða ruglast. Þá strönd Norður-Ameríku, er nýrzt að Atlantshafi snýr, nefndu þeir Markland og Albaníu. — Síðastliðið sumar (1947), gerði Oxfordháskóli út vísindaleiðangur til Ægiseyjar (Jan Mayen) og mældist þeim Hvítserkur (Bjarnafell) full 8000 fet á hæð og 30

gullmunnana (Krýsa) og starfsemi þeirra, því þeir eini voru taldir forneskjumenn og andskotar kristinnar. Þetta var í lögsögutíð Steins Þorgestssonar, (lögsögum. 1031—1033). Var Steinn Þorgestsson talinn ærið vilhollur erlenda kónga- og kristnivaldinu, en hann féll frá lögsókn árið eftir (1033). Þá tók við lögsókn Þórkell Tjörfason og hélt hann lögsókn í næstu 20 ár (lögsögum. 1034—1053), en hann var mikill vin Krýsa. Var Þórkell þessi sagður vitur maður og mjög lögfróður, en talinn var hann frekar hliðhollur heiðninni og andvígur auknu kirkjuvaldi og erlendum áhrifum. Með hans aðstoð tókst Kolskeggi vitra, að semja við höfðingja landsins, frá ári til árs, eða allt til ársins 1054; en þá tók við lögsókn Gellir Bölversson, eindreginn kónga-kristnisinni, en svarinn fjandmaður Krýsa. Þetta vor, 1054, er Gellir tók við lögsókn, eru Kolskeggi vitra (Kölska) loks sendir fullnaðarúrslitakostir (ultimatum), en áður hafði jafnan verið samið frá ári til árs, og á hverju ári höfðu Krýsar látið af hendi stóreignir og margskonar fríðindi. En það var því líkast að hagar

---

enskar mílur umhverfis fjallsræturnar. „**Það er eitt stærsta keilumyndaða eldfjall á jörðinni**“, segir foringi þessa vísindaleiðangur. — Til gamans má geta þess, að fyrir rúmum 20 árum var gert út skip úr Eyjafirði norður til Jan Mayen, að sækja rekavið. Höfundur þessarar greinar átti síðar tal við einn skipsmann leiðangurs þessa, og sagði hann það rangindi og villu að nokkurt jökulfjall væri á Jan Mayen og því síður hátt í lofti. Dugðu þar engar mótbáru eða sannfæringar; hann hafði séð þetta með eigin augum og vissi það betur en þeir, er aldrei hefðu þangað komið. En „**margt býr í þokunni**“. — Fjallið var nefnilega hulið í þokuhúp meðan leiðangur þessi dvaldi við eyna. —

þeirra blómgaðist að sama skapi, því veldi þeirra og auður var aldrei sagður meiri, en einmitt þá. Þeir voru að verða ríki í ríkinu, engum háðir, sjálfum sér háðir og meir en það, héldu í heiðnina og hömpuðu henni. Kolskeggur vitri (Kölski) var sannarlega sjálfur Djöfullinn í mannlíki, öðruvísi at það ekki verið hvernig allt blessaðist og blómgaðist undir hans stjórn, og þó virtist hann aldrei skifta sér af neinu. Hann reið til Alþingis hvert sinn, og hélt sig þar ríkmannlega, en engir vissu hvað hann hafði þangað að vilja, því hann hafði þar engin mannaforráð. En einmitt á þessum árum, með dauðann vofandi yfir höfðinu, — og *vitandi örlög sín* — voru okkar ódauðlegu fornþókmenntir samdar undir forystu þessa einkennilega manns. Fræði sín rituðu Krýsar mest á papýrus og biblos, er þeir höfðu nægar birgðir af, en miklu minna notað skinn (Codex).

36. Þessar fornþókmenntir voru hvortveggi skráðar á svonefndum áttundar-málrúnum og jafnhliða með latínuletturs-stafrófi, er Kolskeggur vitri samdi árið 1044. (Þetta stafrof er enn til, prentað aftan við Snorra-eddu, útg. Sveinbjarnar Egilssonar 1848, og nefnt; „*Fyrsta staffræði*“, en mjög aflagað og aflutt af seinni tíma mönnum, er öllu þurftu að snúa á „*DANSKA TUNGU, þ.e. íslenzku*.“ Með þessari afbökun á frumstafrofinu hefur komist inn „*elífðarvillan*“ er eigi verður leiðrétt fyrr en snúið er aftur til frumstafrofsins).

37. Þessum úrslitakostum „Bandamanna“ (1054), svaraði Kolskeggur vitri með riti því er enn heitir „*Bandamanna-saga*“, og reit hann hana í tvennu lagi, bæði á áttundar-málrúnum og latínuletri, eftir Alþing 1054. — Saga þessi hét upphaflega: „Ófeigssaga

bragðakarls og Bandamanna“, og er ein þeirra fáu Íslendingasagna, er einna minnst hefur verið breytt til skemmda í afritunum. En nú hlaut að skríða til skarar, og það hefur sennilega enginn vitað betur en Kolskeggur vitri sjálfur. Bandamanna saga var svarið við úrslitakostunum. Það var Rymskati Asklaugarson, er valinn var til að færa það Bandamönnum. (Rymskati var þá tekinn til fanga og limlestur, síðan fluttur í Skálholt eftir að stóllinn var stofnaður og líflátinn þar 23. desember 1056.

38. Bandamenn fóru þegar að safna að sér liði, sumarið 1054, og fóru með óvígán her, 2 þúsund vopnaðra mann, að þeim „Kölska“ og „Gamla“. Þeir settust bæði um Gömlu-Krýsavík og Vífilsstaði, en þar voru höfuðbækistöðvarnar og skólar þeirra gullmunnanna. Hét sá Grímur Hrafnsson, er var yfirmeni á Vífilsstöðum, en meistarinn Jón Kjarvalarson „sá gamli“, var, eins og áður er sagt, orðinn hrumur af elli og kominn af fótum fram. Kolskeggur reið því ávalt á milli Vífilsstaða og Krýsavíkur. Hann hafði 12 gæðinga til reiðar, alla hvíta og báru allir faxanöfn. Tveir stórir hvítir hundar eltu hann jafnan.

39. „Sá gamli“ var brenndur inni á Vífilsstöðum, en „Kölski“ slapp úr umsátri á Gömlu-Krýsavík og komst á einn hesta sinna, *Brimfaxa*, mikinn gæðing. Vopnuðum varðsveitum Bandamanna var skipað við allar leiðir og vegamót, en Kolskeggur slapp í gegnum hvert umsátrið af öðru, en var loks ofurliði borinn og drepinn, er hestur hans fótbrotnaði í Straumrandahrauni,<sup>8</sup> þar sem nú er

---

<sup>8</sup> „Því er jór ónýtur / ef einn fótur brotnar,“ stendur í Hávamálum, en þetta er auðsjáanlega innskot einhvers afritara,

Kapelluhraun, sunnan Hafnarfjarðar. Þessi vóru þau síðustu og einu orð Kolskeggs vitra, um leið og hann var lagður til bana:

„*Sækja sóknhvattar  
sveitir háleitan!*“

40. Kapella var síðar reist, þarna við fornu reiðgöturnar í auðninni þar sem Kolskeggur var veginn; var á miðöldum kölluð „Kölskakaþella“ eða „Kölska-kyrkja“. Nýtt hraun hefur runnið á hana og kaffært hana að nokkru leyti, en vegsummerki hennar sjást þó enn greinilega í hraunbygnum og storkunni, austurgafllinn nokkurnveginn heillegur að innan og innganginn og fyllt hana þeim megin. Hraunið dregur síðan nafn af Kapellunni. Það fylgir fornu sögninni, að bein Kölska hafi verið geymd eða dysjuð þar í Kapellunni. Þetta vóru nú öll skáldalaun höfundar Njálu, og vera auk þess í þjóðtrúnni gerður að nokkurskonar yfirskratta, eða hálfheimskum og þó fremur hrekklausum og heiðarlegum drýsildjöflaforingja, er aldrei gekk á gerða samninga og varð því oftast undir í viðureigninni fyrir þeim er höfðu nóga hrekki og klækjavit.

41. Kolskeggur vitri reit sjálfur eftirfarandi Íslendingasögur og í þessari röð: *Frunlandnámu*,<sup>9)</sup> öðru

---

er vitað hefur afdrif höfundarins, og kunnað betur við að „punta dálítið uppá“, frá eigin brjósti, eins og síður var afritara, en sá leirburður er auðþekktur.

<sup>9)</sup> Sú gerð Landnámabókar, er mest er farið eftir og stuðst við af nútímamönnum er **Hauksbók**, er Haukur lögm. Erlendsson reit í byrjun 14. aldar, eftir landnámabókum þeirra „**Sturla lögm. Þórðarsonar og Styrmis prests ens fróða**“, eins



nafni Gullbringa eða Gullskinna; Laxdælu, Gunnlaugssögu, Njálu, Hrafnkötlu, Bandamannasögu.

---

og Haukur lögm. segir sjálfur í eftirmála og ennfremur: „**að hægara sé að sanna fyrir útlendum mönnum, að vér séum ekki komnir af þrælum og illmennum, ef vér vitum víst vorar kynferðir sannar.**“ Þá getur H. þess, hverjir hafi fyrst ritað um landnám á Íslandi. „**Ari prestur en fróði Þorgilsson og Kolskeggr enn vitri.**“ Þetta er alveg rökrétt hjá Hauki lögmanni, þó margir fræðimenn hafi látið sig villast á þessu: **Haukur rekur frá sjálfum sér upp eftir alla leið að byrjuninni, og enda rá frumhöfundinum: Kolskeggi vitra!** Það þurfti nefnilega að breyta frumlandnámu norrænum mönnum í hag og koma henni á „**danska tungu**“, en þurka út „**þrælana og illmennin**“ 1).

1) Þess skal ennfremur getið hér til fróðleiks, að Haukur lögm. samdi ekki **Landnámabók þessa handa íslendingum**, heldur eingöngu fyrir húsbændur sína í Noregi. Haukur lögm. fór beint til Noregs með Landnámabók sína, þegar í stað eftir að hann hafði lokið við að afrita hana, úr og eftir bókum þeirra Sturlu og Styrmis, (og tekið það úr hverri er Norðmönnum hentaði bezt). Það mun hafa verið árið 1309—10, að Haukur fór út með Landnámu þessa, og kom hann aldrei til Íslands framár, því hann gerðist þá Gulapingslögmaður í Noregi og var þar sem eftir var æfinnar. Haukur lögm. andaðist í Noregi árið 1334. — Haukur lögmaður var sonur Erlends lögmans Ólafssonar „ins sterka“, og bjó á stórbýlinu Strönd í Selvogi áður en hann fluttist til Noregs, en hún var að fornu eign Krýsa eins og Selvogur allur). Afkomendur Hauks og Erlendar lögm. bjuggu eftir þetta á Strönd í 14 ættliði, um 400 ár, eða nánar tiltekið **til ársins 1696, er þetta mikla stórbýli og höfuðból eyddist og lagðist í auðn og örfök af uppblæstsri.** Strandarkirkja gnarpir þarna ein eftir í kviksandinum sem minnisvarði og legsteinn þessa forna höfuðbóls.

Hann orti ennfremur *Hávamál*, og segir í forneskjufræðum (Kölskafræðum), að hann hafi alltaf verið að yrkja þau og ekki búinn að ganga frá þeim eða fullgera, er hann var líflátinn (7. nóv. 1054). En hvað sem því líður, þá yrkir Kolskeggur vitri sjálfur sín eigin eftirmæli í *Hávamálum*, og gerir það á þann veg, að enginn hefur jafn ódauðlega kveðið, hvorki fyrir né síðar:

„*Deyr fjáreign,  
frændur deyja,  
deyr sjálfur sama veg; —  
en orðs-týrs  
deyr aldur eigi  
þeim, er sér góðan getur.*“

Og næsta vísa:

„*Deyr fjáreign,  
frændur deyja,  
deyr sjálfur sama veg. —  
Eg veit einn  
að ætið deyr  
dómur um dauða hvern.*“

42. Í síðari vísunni er átt við það, að hafi maðurinn skapað sér sjálfur ódauðlegt gildi í sínum eigin verkum, þá lifir hann í andans heimi *allan aldur*, en „*dómur um dauða hvern*“, — hafi hann ekki áunnið sér ódauðleik í orðs-tý sínum, — „*deyr aldri*“, (þ: deyr að aldri til, hversu fagur og glæsilegur sem sá dómur kann að vera um þann dauða). Orðið „*aldri*“, í fornmálinu, er ið sama og vér merkjum í nútímamáli með orðunum: *alltaf, ávallt, =*

ætið, en þessi nútímaorð voru ekki til í forn málinu. Orðið „aldrei“ var heldur ekki til í forn málinu, — það er misskilningur og afbökun úr „aldregi“, en það er samsett orð úr tveim orðum: *aldur eigi*. Í nútímamáli er talað og ritað, að þessi eða hinn hafi getið sér góðan *orðstýr*, en það er rangritað og talað, og misskilið, því uppruni orðsins er dreginn af guðinum Tý, sem var hraustastur og hugaðastur allra guðanna og einn hafði djarfleik til að ganga að úlfinum óarga (Fenrisúlfi) og gefa honum mat, og síðast lét hönd sína að veði í gin úlfsins til að bjarga heiðri guðanna. Sá er týhraustur og ódauðlegur í orði og verki, er getur sér slíkan orðstý. „*Orðstír*“ er því rangt eins og það er ritað í nútímamáli, eins fyrir það þótt vér viljum afneita guðinum í orðinu (guðamálinu), og kenna orðið við góða mannlega stjórn, *orðs-stjórn*, þá er því svo komið í upprunanum (guða-uppsprettunni), að allt ber að sama brunni: Sögnin að *stýra* og nafnorðið *stýri* er komið af *stjórn*. Orðs-týr = *orðstýr* á því svo að rita, ef rétt er með farið.

43. Til þess nú að fá þessar vísur úr Hávamálum, sem hér að framan eru greindar, á rétt og hreint nútímamál, varð höf. þessarar ritgerðar að snúa sér beint að uppruna tungunnar; leysa hvert orð og rekja hvern staf til áttundarrúna, sem samsettar eru úr 8 kerfum málrúna með  $3 \times 8 = 24$  stöfum rúnaleturs í hverju kerfi, en það eru  $8 \times 24 = 192$  rúnamerki samtals, — síðan að færa allt til samræmis við  $2 \times 8 = 16$  stafa latínuletsstafrof höf. Hávamála (Kölska sjálfs) er hann samdi 1044, og færa það til samræmis við rúnirnar, — síðan að færa hvert orð til nútímamáls, stafrétt, án þess að breyta upprunalegu gildi orðanna, hugsun eða merkingu á nokkurn hátt. Við margprófaða og nákvæma rannsókn kom það í ljós, að

Hávamál hafa *ekki verið með rúnum rituð upphaflega*, heldur aðeins með 16 stafa latínuletsstafrofi höf. sjálfs frá 1044. Hávamál eru því ekki ort fyrir en eftir þann tíma. En víða er ritað eftir framburði orðanna án tillits til upprunans, eins og tíðkast meira og minna í öllum afritum fornra sagna og kvæða, og stafar af fljótferni, kæruleysi og dómgreindarskorti *13. og 14. aldar afritaranna*, er afrituðu eftir öðru (yngra) stafrofi og eftir framburði, með því siður var að *einn læsi fyrir*, meðan *annar* (eða fleiri) skrifuðu.

44. Völuspá, er meistarinn Jón Kjarvalarson „*Sá Gamli*“, orti laust eftir aldamótin 1000, og Vafprúðnismál og Grímnismál, er krýsinn Grímur Hrafnsson orti, falla undir áttundarrúnir 8. kerfis, frá rúnamerki 169—192, og opnast með svonefndum *Sigurlykli*, en öll málrúnakerfin, 8 að tölu, hafa hvert um sig sinn ákveðna lykil. Þessi lykill er og látinn sýna hvort rúnirnar eru *viðkenndar* eða *óviðkenndar*. Viðkenndar voru þær rúnar nefndar, ef merkið var látið tákna visst ákveðið nafn eða vissa ákveðna setningu; en óviðkenndar, ef merkið táknaði aðeins einn staf í rúnastafrofi síns eigin kerfis. — Hönd hvers rúnaritara hafði sín eigin einkenni eða karakter, alveg eins og rithandir nútímamanna, og voru því auðþekktir af kunnugum, þá eins og nú. —

45. Við rannsókn sést og, að flest fornu Eddu-kvæðin hefur verið búið að færa úr rúnunum í fyrsta latínuletsstafrofið (stafrof Kölska), áður en þau eru afrituð á seinna latínuletsstafrofið, er soðið var upp úr fyrsta stafrofinu, stafrofi meistara Priscianusar (ç: Kölska), á 12. og 13. öld, þá er öllu þurfti að snúa á

danska tungu, þ.e. íslenzku, aðallega til að geðjast Noregskonungum, sem mest var snobbað fyrir:

„Njóti aldurs  
og auðsala  
konungur og jarl!  
Það er kvæðis lok.  
*Falli fyrr  
fold í ægi  
steini studd  
en Stillis<sup>10</sup>) lof\**“

46. Þetta er síðasta vísan í Háttatali Snorra Sturlusonar um Hákon konung og Skúla jarl, þá sömu og létu drepa hann skömmu síðar. Ísland var enn ekki komið undir norsk yfirráð, er Snorri kvað þetta, en þess var ekki langt að bíða. Þó Ísland sykki í sæ, gerði það ekkert til, bara betra, ef hægt væri með því móti að koma nægilegu lofi á Noregskonunga.

47. Þessi síðasta lofvísa Snorra um morðingja sína, er ort undir þeim hætti er í fornum fræðum nefnist „*Galdra-lag*“. Hefði Kölska ekki komið á óvart þó að vísa þessi yrði „*höfuðs bani*“, enda segir hann í Hávamálum:

„Tveir ro<sup>11</sup>) eins herjar;  
tunga er höfuðs bani,  
er mér í héðin hvern  
handar væni.“

---

<sup>10</sup> „Stalinslof“, mundu sennilega einhverjir heldur vilja hafa það nú á tímum.

<sup>11</sup> ro = eru; en það merkir líka „error“ þ. e. yfirsjón, ávirðing, villa.

— — — „Land vildu þeir selja; bein vildu þeir grafa“  
— — stendur einhversstaðar skrifað, — og það ekki alls  
fyrir löngu.

\* \* \*

48. Lesendum kann nú ef til vill að finnast, að hér sé geigsporað nokkuð vítt og breitt, og ekki sem allra bezt haldið sig við efnið, með því hér er verið að ræða umm Brísingamen Freyju, þá eigi að halda sig við þá mynd eina, og annað ekki. En athugið bara myndina og táknið! Efnið er svo gífurlega víðtækt og umfangsmikið, sjóndeildarhringurinn svo ægilega víður og sjónarmiðin svo mörg og margvíslega margbrotin og stórkostleg, að engin leið er að gefa lesendum nokkra nasasjón af þessu volduga efni í færri og fátæklegri orðum en hér er gert. Og það megið þið reiða ykkur á, kæru lesendur, að þótt höfundur þessarar greinar sé fávís og fáfróður, þá er hann þó alltaf að bera sig að læra eitthvað nýtt til þess að geta skynjað og skilið dásemdir náttúrunnar í guði frá sem flestum sjónarmiðum. Hæ kann lesarinn að svara til og segja: *„Alveg rétt góði minn! En sá, sem skrifar, verður þó að vita sín eigin takmörk!“*

Satt er orðið! Og það má fullvissa lesarann um það, að það er heilagur sannleikur, að höf. þessarar greinar hefur takmarkað sig svo við þetta efni, *að hér er ekki sagt meir en eitt prósent af því, sem hann veit!*

\* \* \*

49. Það er gamall og góður siður í sveitinni, að fara með hunda einu sinni á ári til lækninga. Hundalækningaembættið er ekki til að spauga með og hefur sá Doktor hús þar sem þessari vöru er pakkað

saman; fyrst sveltir hæfilega, síðan gefið niðurhreinsandi og látnir skryðja aftur úr sér óhreisibeyglunni og bandormunum, síðast baðaðir úr sóthreinsandi vökva, útvortis, sem ekki má komast í kjaftinn á þeim, eða æðri gapstofuna, og sendast síðan heim sjálfir.

Á einum slíkum Hundalækningabæ, langt vestur á landi, var niðursetningur, sefasjúk kona og lá hún í bólinu í baðstofunni. Hundameðgöngumönnum, er flest vóru unglingar, var nú boðið til baðstofu, og veitt vel. Ungar heimasætur gengu um beina og augnaráð þeirra ekkert óhræsi. Sjálfur var húsbóndinn úti að raga vöruna; hann var og læknirinn, enda vöruvandur.

Þegar veizlan var í bezta gengi, reis niðursetningurinn upp á olnboga í bólinu, skimar í kringum sig með flóttalegu augnatilliti, unz hún stillir ásýndina við loftboruna í baðstofumæninum og andvarpar í svo hörmulega raunalegum tóntegundum eins og smýgi gegn um merg og bein:

*„Himinrommið Hilmensen!*

*— sem engan á —*

*sem engan á að!“*

Það lá við sjálft, að blaðran springi hjá sumum, eða óhætt að segja flestum, ungmennunum. *Hún var nú byrjuð að skemmta!* Undirritaður var meðal unglinga þessara, aðkominn með hunda sína. Hann hló ekki, lá við gráti, aldrei á ævi sinni heyrt neitt jafn átakanlegt. Það var eins og öll niðurlægingar- og raunasaga þjóðarinnar, á mörgum umliðnum öldum, næði samhljómi og verkaði í brennidepli í þessum hörmulegu tóntegundum vesalingsins. Og skáldskapurinn! Að láta falla í stuðla! Þetta kom frá hjartanu! Þetta var miklu sannari skáldskapur en allt

„Háttatal“ Snorra Sturlusonar „um Hákon konung og Skúla hertoga.“

„Himinrommið Hilmensen“, varð að því leytinu skömminni til skárri en þeir fyrrnefndu, að hann lofaði þó sefasjúku konunni að verða sjálfdauðri að skáldalaunum.

50. Ef vér viljum finna þá fornu undirstöðu, þann rétta, hreina og sanna grundvöll, er uppruni tungu vorrar er byggður á, verður öll saga þessarar litlu, útvöldu eyþjóðar, að lifa og vaka gegnum allar aldir í huga vorum og hjarta. Vér megum engu gleyma af upphefð og niðurlæging, gleði og sorgum forfeðra vorra. Líf þeirra og dauði er einnig okkar líf og dauði. Blóð forfeðra vorra rennur enn í æðum vorum, hjartsláttur vor og hugur sama sinnis, og sálir vorar þær sömu. Það er sá eldur sem aldrei deyr. Þennan eld verðum vér að þekkja út í yztu æsar, kanna hann til þrautar gegn um allar aldir og byggja á þeirri reynzluþekking, fyrir framtíðina, með sólarýn.

51. En þá kemur það, að ef vér ætlum okkur að byggja eitthvað fyrir framtíðina, til að bæta kjör eftirkomenda vorra, þá verðum vér að gera svo vel, að *taka okkur fyrirmyndirnar til fyrirmyndar*; minna dugir þar ekki. Miðlungsvitið og miðlungsandinn kemur þar ekki til greina. En þekking fyrirmyndarinnar krefst mikils af mönnunum. Og það kostar miklar fórnir, manndáð og stórhug, að ryðja veg fjöldans til þeirra sönnu fyrirmynda svo eftirkomendur megi sjá og skilja og byggja við þann vita eða vörðu, er sú forysta veitti, sinn eigin veg til aukins frama.

52. Sannleikurinn finnst hvergi nema rekja til hans gegn um völundarhús lýginnar, en það kostar mikið mannvit og þekkingu það að gera, og svo, að lokum, reynist það oft miður heppileg vara, er sumir höfðu lengi haft fyrir góðan og gildan sannleika. Leitið því *ekki*



sannleikans *áður* en þér hafið lært að þekkja lýgina. Það fer ætíð illa. Leitið fyrst lýginna. Það er ósköp auðvelt. Hún er allstaðar opin fyrr. Loks, er þér hafið kannað lýgina á alla kanta og skoðað hana út í yztu æsar, þá hjaðnar hún og hverfur, en sannleikurinn kemur þá af sjálfum sér, og þó hann sýnist oft lasinn og lélegur í klæðaburði, þá er þó ending hans með fádæmum af því hann er ódrepanði.

53. Hvaða fyrirmyndir eigum vér þá að taka oss til fyrirmynda? Eigum vér að taka Snorra Sturluson með öllu sínu „Háttatali um Hákon konung og Skúla hertoga“, eða Árna Jónsson á Stórhamri, er kallaður var Eyjafjarðarskáld? Árni var fullum 500 árum yngri en Snorri (f. 1760. d. 1816), og yrkir mjög í anda Snorra, hvað hætti og kenningar snertir, og Árna tekst það, sem Snorra tekst ekki, að blása lífsanda í kveðskap sinn, enda er hann miklu meira skáld en Snorri, þó mikill munur sé á frægð þeirra tveggja. Árni var andlegur höfðingi, konungur í kotungs flíkum, en umhverfið óttalegt; engin aðstaða til menntunar, og andlegt og veraldlegt hallæri þjóðarinnar sem himingnæfandi veggur; Árni kveður í mansöng sínum fyrir „Svaðilför“, en svo yrkir enginn nema skáld af innsta eðli, sem verður að yrkja hvort sem honum er það ljúft eða leitt af því andi hans skipar honum það:

„Vængja-særður haukur hrærður,  
Hnikars nærður dverga-sátt,  
draums í lundi bregður blundi,  
byrgður undir rauna-mátt.

Löngum dylja harma-hyljir. —  
Helst eg vilja til þess ber  
eitthvað kilja <sup>12)</sup> er Bezlu <sup>13)</sup>-byljir  
boð sín þylja fyrir mér.“

54. Engin vísa í Háttatali Snorra kemst í hálfkvisti við þessar að skáldskapargildi, og þó er Árni Eyjafjarðarskáld hvergi neitt eftirbreytnisverður, og ber því hvorki að taka hann sjálfan né fyrirmyndir hans til fyrirmyndar.

\* \* \*

55. Odam Gottlop Öhlenschläger (1779—1850). Þetta mikla höfuðskáld dana, hafði mikil og víðtæk áhrif á skáldskap Jónasar Hallgrímssonar eins og allra annara góðskálda á Norðurlöndum á þeim tíma. Þó verður ekki með sanni sagt, að Öhlenschläger sé fyrirmynd Jónasar að öðru leyti en því, að þetta stóra höfuðskáld dana vekur Jónas til dáða og vísar honum veginn til ódauðlegra heima fegurðarinnar. Jónas apar hann hvergi, en áhrifin eru auðsæ, engu að síður.

En hvert sótti svo Öhlenschläger fyrirmyndir sínar? Freyja var honum náðug og færði honum Brísingamenið! hann sækir allan sinn þrótt í fornu ísl. gullaldarkvæðin:

---

<sup>12</sup> Kilja = kveðja, yrkja, skálda; kiljan merkir skáld, en sögnin að „kilja“ er sama og að yrkja. En sé orðið dregið af veðurfari, kulda eða kuli, skal það ritast með „upsilon“: kylja = fjalla-kylja.

<sup>13</sup> Bezla = sú bezta þ. e. Skáldagyðjan, Freyja, sem einnig er kölluð Brísa af því hún á Brísingamenið góða, er græðir mein mannanna. Brísingamenið er, eins og áður er sagt, hjarta skáldsins (Óðs), manns Freyju, en hann er aldrei heima hjá henni heldur ávallt á ferð og flækingi einhversstaðar um víða veröld.

Völuspá og Hávamál. Hann endurvekur þessi gullaldarkvæði og opnar þenna forna, dýrmæta fjársjóð í mildu og skæru ljósi og gefur heiminum þennan mikla fjársjóð til ódauðlegrar eignar, er honum hafði sjálfum verið gefinn, *af því hann skildi hann*.

56. „*Gullhornin*“ eru ávöxtur þessa ódauðle ga arfs ísl. gullmunnanna. Gullhornin eru Völuspá endurkveðin með hliðsjón af ástaræfintýri Hávamála, *án þess að apa*, því Öhlenschläger var stórskáld, *en ekki api*.

57. Gullhornin eru „Völuspá in nýja“, kveðin á fyrsta tug 19. aldarinnar. Ekkert eitt kvæði hefur á seinni öldum haft jafn víðtæki áhrif til endurreisnar og bóta í öllum kveðskap Norðurlanda.

58. Rímnaskáldið fræða, Sigurður Breiðfjörð, dvaldi í Danmörku á þeim árum er Öhlenschläger var enn uppi og í hágengi áhrifa sinna og frægðar. En Sigurður gat ekkert af honum lært, en sá ekki sólina fyrir Jens Baggesen, (1764—1826) miklu minna skáldi, er helst hafði sér það til ágætis að vera taumlaus dýrkandi Öhlenschlägers og api hans, án þess að ná nokkurnstaðar sjálfstæðum, lifandi strengjatökum. Þessi dýrkun Sigurðar á Jens Baggesen var svo hóflaus, að þegar heim var komið og Sigurðuar hafði náð sér í konu til að sprengja út af henni afkvæmi, lét hann syni sína heita Jens Baggesen, hvern á eftir öðrum, en þeir komust ekki til manns og gufuðu upp áður en sú Baggesens-ætt yrði fjölmennari.

59. Svona hefur hver sinn Drottinn til dýrðar og sinn djöful að draga. Fer það allt eftir andlegum þroska og efnislegum viðhorfum hver sjónarmiðin eru.

60. Símon Dalaskáld var ekki talinn neitt afburða stórskáld á sinni tíð, og verður sennilega seint talinn

meðal þeirra útvöldu; en til vóru þó menn, er álitu, að svo væri Símoni létt um að yrkja, að lengra yrði ekki komist í ljóðlistinni. Meðal slíkra aðdáenda var Gvendur „dúllari“, er fylgdi Símoni á flakki hans síðustu árin, auðmjúkur eins og hundur, berandi föggur þessa mikla drottins og hefði helst viljað ganga á fjórum fótum. Síðan vóru þeir skildir að og sendir á sína sveit, hver í sinn landsfjórðung, til að deyja, eins og siður er, þegar sá tími er kominn. Ekki taldi Gvendur sig mega deyja á undan Símoni, enda varð Símon fyrri til og var þá Gvendi ekkert að vanbúnaði lengur. „*Mikið skáld var Símon!*“ stundi hann um leið og hann gaf upp andann.

\* \* \*

61. Höfundur þessarar greinar þekkti eitt sinn mann, er hafði mikið yndi af lausavísum, ef þær fóru ekki út fyrir þá bylgjulengd er honum hæfði. Ein var sú vísa er hann dáði takmarkalaust, og sagði, að ómögulegt væri að komast lengra í sannri ljóðlist, eða yrkja betur á ísl. tungu, og mikil guðsgjöf væri það, að öðlast slíka skáldgáfu. Tjáði þar ekkert um að vanda eða í móti að mæla. Það er þessi eftirfarandi vísa:

„Hún barði mig í bræði sinni,  
bölvuð flennan,  
það skal vera mér í minni  
mánuð þennan!“

(Þetta er aðeins tilfært til að sýna og sanna, að skoðanir manna og skilningur á gildi kveðskapar er ærið mismunandi).

\* \* \*

62. Hvaða fyrirmyndir eigum vér þá að taka oss til fyrirmyndar ef vér ætlum oss að skapa eitthvað án þess að vera apar?

Fyrirmyndin er aðeins ein: *Skaparinn!* Skaparinn í náttúrunni og náttúran í skapanum. En til þess verða menn að læra og læra endalaust. Þekkingin er fyrir öllu. Þá fyrst, er maðurinn hefur lært að læra, lærir hann af öllu. Ekkert er nokkurnstaðar til svo lítilmótlegt, að skaparinn búi þar ekki og eigi þar heima. Lítill, ljótur ormur, hefur á skammri stund breytt í undursamlega vængjaða veru, forkunnarfagurt fiðrildi, prýtt öllum dásemdum litbrigðanna. Stórkostlegt kraftaverk. Óendanleg tilbreytni. *Það er fyrirmyndin.* Þá heldur maðurinn áfram að vaxa og þroskast endalaust. *Það er skaparinn.* Hann er ekki api. Hann gerir allt rétt og óaðfinnanlega. Hann finnur ætíð þá réttu undirstöðu og byggir á góðum grunni.

\* \* \*

63. Höfuðkvæðið „*Völuspá*“<sup>14)</sup> er undirstaða fornísl. gullaldarbókmenntanna og þar með norrænna bókmennta.

---

<sup>14</sup> „*Völuspá*“, greinargerð og skíringarrit Eiríks Kjerúlfs læknis, er mikið afreksverk, þótt honum skeiki sumstaðar, eins og von er til, með því margra alda bann „kyrkjunnar“ með heimskuna, þröngsýnina og hefting frelsis í fararbroddi, hefur breitt ódáðagrun og eilífðarhulu yfir þetta heljarfjall heimsbókmenntanna, þar sem in forna „*Völuspá*“ er. Þegar augu manna opnast, og þeir fá aukin og víðari sjónarmið, mun þetta afreksverk Kjerúlfs metið betur. Þetta frábæra verk hans er í röð mestu vísindarita seinni alda. Kjerúlf hefur þarna getið sér ódauðlegan orðstý, sem aldrei verður frá honum tekinn, eins fyrir það þótt hann njóti þess ekki herna megin grafar. En miklar og góðar viðtökur mun sá maður fá á „Gimle“.

Þar er grundvöllurinn. *Uppruni ísl. tungu og Ásatrúin samofin frumkristninni og elstu ritum Biblíunnar og standa á einum og sama stofni.*

64. Í Völuspá inni fornu er guðlegur sköpunarmáttur. Hún er guðamál. Hún er ljósgjafinn. „Hávamál“ standa sem voldugur risavaxinn skuggi við hlið móður sinnar. Enginn skuggi til án ljóss; ljósið verður einhvernstaðar að koma frá, annars orsakast enginn skuggi. En Völuspá er og verður ætíð ljósgjafinn, móðirin. Völuspá er fyrr kveðin en Hávamál, en bæði þessi voldugu frumverk meistaranna: Völuspá og Hávamál, eru ort hér á Íslandi, í Gömlu-Krýsavík, í frelsismætti heiðinnar kristni. Slíkri þjóð hlýtur að vera ætlað mikið hlutverk í guðlegum örlögum, er fengnir eru slíkir meistarar, sem höfundar þessara kvæða. Og mikill skaði er það þeim „fræðimönnum“, er skoða frumkvæði þessi sjálfgerð eða uppsprottin sem gorkúlur á mykjuhaugi, en ekki sköpuð og ort vitandi vits eftir öllum fullkornustu listalögmálum mannlegs anda í samböndum reynsluvits og eðlishyggju, þ.e. sjáandi, skynjandi og skapandi mannlegar sálar, er lifir og hrærist í skapara sínum.

\* \* \*

65. Einhver síðasti gullmunninn á okkar jörð, er lærði og þekkti „upprunnann“ og orti því „vitandi vits“, var Persneska skáldið Hakim Omar Khayyám (1050—1123). Hann var að vísu ekki lærður í sjálfum aðal-lauhelgunum, því þær voru þá horfnar, og því ekki vígður gullmunninn (chrýsostom); en hann naut kennslu í einkaskóla hjá vitringnum mikla, Imám Movafak í Naishápúr, er var einn af síðustu lærisveinum launhelganna og var þar samtímis íslendingnum Kolskeggi vitra. Sá mikli

vitringur, Imám Movafak, lærimeistari Omars Kayyám, varð hálf níráður að aldri, og dó í Naishápúr um 1080.

66. Omar Khayyám varð mjög lærður maður: stærðfræðingur, stjörnumeistari, dulvitringur og skáld. Hann var einn þeirra er falið var af Málík Shah soldáni, að bæta og leiðrétta tímatalið, og er það ið svonefnda „*Jalal-ul-Din*“ tímatal, er þeir sömdu, og þykir standa næst því Gregorianska að nákvæmni. Omar samdi og stjörnufræðitöflur og ritgerðir um algebru.

67. En skáldskapur hans þótti allt annað en viðeigandi hjá klerkastéttinni, því Omar var gullmunni (Chrýsostom), alfrjáls og óháður öllu og öllum í kveðskap sínum; og vissulega hefði „kyrkju“-valdið fest hendur í hári hans, og pindað hann og kvalið til bana, ef vinur hans og skólafélagi, göfugmennið Nizam al Mulk, ráðgjafi soldánanna Alp Arslán og Malek Shah, hefði ekki skotið yfir hann skjólshúsi og hlýfiskildi og haldið um hann lífvörð til æfiloka.

68. Ljóð Omars Kayyáms hafa til skamms tíma verið einskismetin í heimalandi hans, en þykja nú einhverjar mestu perlur heimsbókmenntanna, einkum Rubaiyát, sem enski náttúrufræðingurinn Edward Fitzgerald uppgötvaði laust eftir miðja síðustu öld, útlagði úr frummálinu á engilsaxneska tungu og varð heimsfrægur fyrir, en þó aðallega eftir að hann var dauður.

69. En það er þung raun gullmunnanum, er elskar og þráir alfrelsið heitar en lífið í brjósti sér, að þurfa að ala aldur sinn undir umsjá og eftirliti annara, í einskönar stofufangelsi, enda þótt hann hafi landskika til umráða, drykkjarföng eftir þörfum og nægilegt að bíta og brenna.

70. Og skáld frelsisins veit bezt sjálft hversu vel skáldskapur þess er þeginn, en til svölunar skáldþrá sinni og sköpunarþrá leggur gullmunninn ætíð allt í sölurnar, öll heimsgæði og tímanlegar framavonir, ella glatar hann sál sinni og ferst. — Þess vegna segir hann:

— Dýrkun minna goða þótti eig góð,  
glataði frægð og vann mér allra hjóð;  
í heimsins augum hef eg verið barn  
— hafnaði sóma fyrir þessi ljóð.

Skáldið gaf sér sjálft viðurnefnið „Khayyám“, en það þýðir tjaldsaumari eða tjaldgerðarmaður. Þess vegna segir hann um sjálfan sig og skilningsleysi samtíðarinnar á skáldlist gullmunnans:

*„Khayyám, er saumaði tjöld vísindanna, hefur fallið í bræðsluofn harmsins og brunnið skjótt; klipparar forlaganna hafa skorið á tjaldstög lífs hans og miðill vonanna hefur selt hann fyrir ekki neitt.“*

71. En þrátt fyrir þessa beiskju og vonleysi, á þeirri hlið er að heiminum snýr, elskar hann þó lífið og þess unaðssemdir og kann vel að meta frjósemi andans og gæzku gróandans. Og hann gleymir aldrei kurteisinni við skáldgyðjuna, Bezluna, Brísuna, er hann elskar eina, er hann veit að muni koma áður en öllu lykur með gullmenið góða, tákn gullmunnans, *Brísingamenið*, er sefar allar sorgir, þrautir og þjáningar, er harmar skilningsleysisins og heimshyggjunnar valda, en gefur skáldinu aftur æsku sína, nýjan frjóleika, nýjan himin og nýja jörð. Jafnvel örlaganornirnar munu þá bíða lægra hlut. Því segir hann:

Ó, ástin mín, sem alltaf varst mér hlý,  
— með angursheim vorn báðum höndum í —



frá örlögnornum hann að hrífa braut  
var hjartans þrá — og byggja allt á ný.

72. Hjá Omar Khayyám ríkir nákvæmlega sama örlagatrúin og sama lífsskoðun og í fornu íslendingasögunum. Þessi rólega frásögn, yfirvegun og víska, þar sem engu verður um þokað, en skáldskapur og raunsæi, himinn og jörð, flettast saman í eina óaðskiljanlega heild. Sannur gullmunnur kann hvarvetna svo vel á ekju tungu sinnar, að nærri stappar að hann skáki sjálfum nornunum í manntafli örlaganna. — Jafnvel þegar ömurleiki einstæðingsskapparins og ellinnar svífur að honum þá æðrast hann ekki, en segir;

Æ, rósinn visnar, vorsins ungu heit  
og vonir dvelja nú í köldum reit  
og litli fuglinn minn, er sætast söng,  
hann sveif á braut! — En hvert? —

Það enginn veit!

73. Og nú finnur gullmunnurinn að síðasta stundin er að nálgast. Hann er að losna úr fjötrum efnisheimsins, og hann er reiðubúinn að svífa braut til sælli heima; en *Hún*, sem hann elskar, Bezlan með Brísingamenið, er að leita hans til að sameinast honum. Hann bíður í eftirvæntingu. Hann heyrir fótatak hennar. Hún er að leita hans. Hún er að koma. Og hann finnur nálægð hennar:

Æ yndislega mjúka mána-lín,  
milda stjörnuljós er aldrei dvín  
og býr oss sæng und bláum himin-væng.  
— Eg bíð og vaki — og þú leitar mín!

74. Hún hefur fundið hann. Hún situr við hlið hans. Og þau svífa burt frá jörðinni í vængjuðum báti, er siglir

skýjahafið upp til stjarnanna, er glitra í dökkbláu himinhvolfinu, en hálfmáninn varpar gullnum töfrabjarma yfir þau tvö saman og jörðina, sem þau eru að kveðja. Og skáldið kveður heiminn, í hamingju sinni, sáttur við guð og menn:

Nú skip mín eru sigld á svalan mar  
og sjálfur hef eg fengið það mér bar,  
en — áður allt í tímans djúp er týnt  
— tæmdu glasi hvolfdi á það, sem — VAR.

75. Það er þessi sama „góða dís“, er Bezlan með Brísingamenið, er Matthías meinar, tekur *trúarlega*, og kveður um, *að komi aftur*:

„Þegar æfin líður að bana-stund,  
þegar brjóstið kvíður á neyðarstund,  
þegar tæmist kraftur og tápið frýs:  
*þá kemur trúin aftur, — hin góða dís.*“

## VI. KAPITULI

### *Brísingamenið nýja.*

1. Þegar höfundur þessarar ritgerðar var örlítill snáði, rétt eftir aldamótin síðustu, minnst hann þess, að hafa hlustað á tal tveggja kvenna. Önnur konan var fósturmóðir hans, Marta Elísabet Stefánsdóttir, stórgáfuð kona frá náttúrunnar hendi og öfgalaus með undraverða hæfileika til hjúkrunar og lækninga. Hin var aðkomukona. Þetta var vestur á landi. Þær voru að tala um huldufólk. Meðal annars voru þær að segja frá huldukonum, er þegið höfðu hjálp mennskra kvenna í barnsnaud, og hverjir heillir hefðu af því hlotist, bæði fyrir hjálparþurfa og hjálpana. Snáðinn gein yfir hverju orði, er þær sögðu, gleypiti þau og greipti þau sér í minni. Ef hann var nálægur lét hann sig aldrei vanta ef einhver slík æfintýri eða frásagnir báru á góma; skreið þá oft undir rúm, eða lá í leyni og hlustaði. Þá heyrði hann fósturmóður sína nefna „*Brísingamen*“, — hjartalaga plötu úr hreinu gulli, er huldukona hafði gefið mennskri konu að launum fyrir að hjálpa henni í barnsnaud. Þetta „*Brísingamen*“ en svo nefndi Marta gullplötu þessa, var síðan notað til lækninga um allt Snæfellsnes og í næstu sýslum um nærri heillar aldar skeið, og hafði þá náttúru, að lina og lækna allar kvalir, þrautir og þjáningar jafnskjótt og það snerti sjúklinginn, svo hann varð albata, eða hann dó, að öðrum kosti, þrauta-

og þjáningalaust, ef að dagar hans voru taldir eða skapadægur komið. En það fylgdi meni þessu sú kvöð, að það tapaði krafti sínum til lækninga, ef það færi úr ætt þeirrar konu, er fengið hafði það upphaflega frá huldukonunni, er gaf það. — Sagði Marta, að „Brísingamen“ þetta hefði verið við líði fram að miðri síðustu öld, en missti þá náttúru sína af því meninu var fargað úr þeirri ætt, er ein mátti um það fjalla. Kvað hún þá ætt hafa haft mikla hæfileika til líkama og sálar: fjársýni, forspár, skyggni og sköpunarhæfileika.

Formóðir þessara kvenna, er með Brísingamenið fóru — og flestar eða allar höfðu heitið Kristínar, — sagði Marta, að hefði verið mjög ættgöfug, ættuð frá Skotlandi eða Suðureyjum og heitið *Úrsúla*.

Síðast hafi einhver prestur á Snæfellsnesi, Jón að nafni, fengið menið og atlað að lækna með því, en það missti þá náttúru sína, af því hann var ekki af ætti þeirri, er með menið mátti fara.

Faðir Mörtu, Stefán Jónsson, gullsmiður, frá Höll í Þverárhlíð var svo fenginn til að smíða giftingarhringi úr þessu gullmeni (Brísingameninu), og gerði hann það, en Stefán var þá eini lærði gullsmiðurinn þar um slóðir; hafði lært erlendis og stundað þar gullsmíðar um 19 ára skeið.

2. Þessu sama Brísingameni lýsir séra Árni prófastur Þórarinsson og segir mjög skírt og náíð frá því í æfisögu sinni: „*Hjá vondu fólki*“, er út kom á síðastliðnu ári, (1947). Kafli sá nefnist „*Gullplatan*“, og nær yfir 313—322 í bókinni.

Séra Árni Þórarinsson þekkti sjálfur mætavel síðasta eiganda þessa gullmens. Það var Kristín Sigurðardóttir, ljósmóðir í Skógarnesi, tengda móður-móðir séra Árna

Þórarinssonar sjálfs; þau hjón áttu saman mörg börn og höfðu sérstöku barnaláni að fagna. Verður ekki annað sagt, en séra Árni Þórarinsson prófastur, hafi orðið mikill gæfumaður, að kvænast í þessa ætti, enda sjálfur mesti merkismaður.

3. Fyrsti mannlegur handhafi þessarar dýrmætu hjartalaga gullplötu, sem engin efi er, að hefur verið *Brisingamen*, var Kristín Pétursdóttir (Einarssonar) prests í Miklaholti í Miklaholtssókn. Kristín þessi, Pétursdóttir prests, var fædd 5. nóvember 1727. Hún var af ætt Úrsúlu ensku og var frumvaxta mey í föðurgarði, er henni hlotnaðist menið. Það mun því hafa verið um miðja 18. öld, er Brisingamen þetta líkamast í efnisheiminum, og heldur síðan gildi sínu og töframætti nálægt heillar aldar skeið, eða nánar tiltekið, fulla 9 tugi ára, þar til brugðið er út af fyrirmælum huldukonunnar, er gaf það, og menið er látið ganga úr ættinni.

4. Eins og áður er sagt, var men þetta upphaflega gefið af huldukonu vegna fæðingarhjálp. Og eftir sögn fyrsta viðtakanda og síðari handhafa þessa dýrgrips, á huldukonan, er hún afhenti Kristínu Pétursdóttur menið, að hafa farist orð á eftirfarandi leið: — „Plata þessi er úr skíru gulli. Sú er hennar náttúra, að hvers konar kvöl úr mannlegum líkama hverfur, þegar hún er á lögð. Oft lækna hún sjúkleika til fulls. En þó að eigi fáist bati við áleggingu hennar og sjúkdómurinn lykti með dauða, lýkur hinn sjúki lífi sínu samt sem áður án allra kvala og jafnvel án minnstu óþæginda.“

Og ennfremur:

„Sú er önnur náttúra þessarar plötu, að henni hverfur þessi máttur verði hún látin ganga úr ætt þinni.“

Hvernig á því stóð, að menið gekk úr ætt Kristínar, lýsir séra Árni öllu, ljóst og greinilega, í æfisögu sinni.

5. Nú kann margur að spyrja eitthvað á þessa leið: „Er þetta ekki allt eintóm vitleysa og hjátrúarþvættingur? Er nokkuð huldufólk til?“

Hvað sem þessum spurningum líður, — og þeim verður sennilega seint svarað með jái eða nei-i, svo allir verði ánægðir, — þá er eitt víst og dagsatt, að bæði meðal okkar ísl. og nágrannaþjóðanna, eru til þúsundir sagna um huldufólk, frá öllum tímum, allt fram á okkar síðustu daga. margir fyrirburðir og sýnir af þessu tagi, eru séðir og sagðir af sjónarvottum, og stundum kannske mörgum saman, ráðvöndu og skrumlausu fólki, sem ekki vill vamm sitt vita og aldrei verið orðað við hjátrú eða hindurvítni. Það er því mjög erfitt að rengja alla sögu- og sjónarvotta, um þetta efni, og telja allt slíkt hjátrú og uppspuna.

Þessi 5 skilningarvit vor, er safnast hafa saman á höfðinu kringum munninn til að afla honum fæðu, eru ekki á marga fiska og sízt til þess fallin að skynja og skilja allar dásemdir tilverunnar. Oss skortir skilningarvit fyrir segulafli og rafmagn og ótal margt annað, og fjöldi lægri dýra, er vér nefnum skynlausar skepnur, standa oss mönnum þar langt framar.

En eru þetta ekki aðeins skyndimyndir í ljósvakanum frá liðnum verum og atburðum?

Ef vér lítum á stjörnu út í geymnum í milljón ljósára fjarlægð, þá sjáum vér hana ekki eins og hún *er*, heldur eins og hún *var* fyrir miljónum ára. Vér getum séð stjörnu sem hefur splundrast og liðið undir lok, löngu áður en mannkyn jarðar vorrar reis úr duftinu.

Engin mynd af nokkru, lifandi eða dauðu, getur glatast eða horfið — og engin hugsun heldur. Af þessu leiðir, að saga allra heima vakir í geimnum um aldur og æfi og að atburðir umliðinna tíma eru á hverri stundu nálægir einhvernstaðar í skauti ómælisvíddarinnar, ævarandi og óhverfanlegir.

Þetta kann nú að þykja full mikil heimspeki og er þó hreinasta léttmeti, ef út í þá sálma er farið. En til þess að gefa lesendum einhverja úrlausn, þá er bezt að geta þess, að höf. þessarar greinar hefur sjálfur séð það sem kallað er huldufólk, og jafnvel talað við það og notið góðsemi þess og eðli. Aðeins skal þess getið, að honum virðist það annars eðlis, en það, sem nefnt er „draugar“, „framliðið fólk“, eða „andar“. — Stundum er það, sem haldið er hulduverur, aðeins svipmyndir jarðneskra manna eða dýra, frá liðnum atburðum, en það er langt frá því, að því sé ávalt til að dreifa.

Þetta svonefnda huldufólk virðist hvortveggi í senn: jarðneskt og ójarðneskt, jöfnum höndum, og hlýtur því öðrum efnislögmálum bylgjuhræringa eða öldulengda, en vér jarðarormarnir, sem erum að burðast við að akalla okkur menn, eða það, sem kallað er fólk, en stöndum þó á lægra stigi, að sumu leyti, en lifandi jurtin, sem aðeins gefur af sér ilm og angan og ávexti, en engan saur eða óhreinindi, sem fylgir öðrum líkamlegum og kvikum verum. Þó virðist þetta huldufólk svo náskylt okkur, að það hefur svipaðar lífsvenjur, þarfir og áhugamál. Það fæðir börn og er háð slysum, veikindum og dauða, alveg eins og vér. Og það hefur sín húsdýr og sín húsgögn og búshluti eins og vér og fylgist með öllu smáu og stóru, er gerist hjá okkur; tekur jafnvel upp eftir okkur margskonar

nýbreytni, er til framfara horfir, og virðist ekki að öllu leyti mega án okkar vera. Það virðist bæði ríkt og fátækt, dugnaðarfólk og letingjar, gáfufólk og tossar.

Jú, huldufólk virðist raunverulega vera til og það af mörgum kynkvíslum og margskonar uppruna. Höfundur þessarar greinar hefur séð það sjálfur og talað við það og getur því ekki neitað tilveru þess, hversu feginn sem hann vildi.

Þetta huldufólk virðist jafnvel öfunda okkur, að sumu leyti, því maður í jarðneskum líkama hefur miklu göfugri og ægilegri mátt, ef hann hefði þekkingu til að beita honum.

6. Þau vísuorð skáldsins, er hér fara á eftir eru ofuraugljós og skiljanleg hverri hugsandi sálu:

„Eins og mannleg ást svipi jafnar,  
öllu í samheild guðdómshjartað safnar.  
Eins og tindrar auga af manndóms vilja,  
alheims viljinn skín í geislans líki.  
Eins og heili manns má skynja og skilja,  
skrá og geyma í minning jarðarheimsins  
man um eilífð heili hnattgeimsins  
hljóm hvers sálarstrengs í lífsins ríki.“

E.B.

Þetta er heilagur sannleikur.

*Sál mannsins tilheyrir engum yfirnáttúrlegum heimi.*  
En allur þorri manna er öldungis sinnulaus um lögmál náttúrunnar og furðar sig ekki á nokkrum hlut, en ber þó í



brjósti óttablandna eftirvæntingu eftir einhverskonar ímynduðum kraftaverkum, töfrabrögðum og fíflaskap.

Náttúran hefur yfir engu slíku að ráða. Hún hefur óendanlega fjölbreytni og óteljandi myndbreytingar, *en hún á ekkert það til er kallast geta kraftaverk, galdur, töfrabrögð eð fíflskapur*. Það er allt saman ímyndun og tilbúningur óþroskaðra manna.

Menn munu svara því til að Jesús Kristur hafi gert kraftaverk. Sannleikurinn er sá, að hann gerði engin kraftaverk, en hann hafði persónulegri guðdómsmátt og meiri og betri þekkingu og skilning á lögmálum náttúrunnar, en flestir menn aðrir, fyrir eða síðar.

Af öllum þeim milljónum sálna, er byggja jarðarkúluna, er það varla ein af hundraði, sem hefur nokkra hugmynd um tilveru sína. Með öðrum orðum: *hugsa ekki*. Hvað gera þá þessar sálir? Svar: Berast með straumi tímans, andlega sofandi. Þær losna seint úr viðjum efnisins og njóta minna frelsis en maður í saur.

Mannvitinu ber að skapa hugsandi sálir, er gæti arfs mannlegs anda og fái hann eftirkomendum í hendur, aukinn og ávaxtaðan.

Það er ekki allt undir því komið að vera nægilega fimur að hreyfa sig í efninu, móta það og knýja og æða í líkama sínum um alla jörðina, þó allt slíkt sé ærið viðfangsefni og geti á sinn hátt verið stór þakkarvert, heldur hitt, að sitja kyrr á sama stað, en samt að vera að ferðast. Hver, sem kann þá list, þarf einskis frekar að óska sér. Hann getur átt yndislegustu hugarlönd, hús og aldingarða og dvalið þar að vild. Og þetta er hverjum einasta manni gefið og í lófa lagið af forsjóninni, — *aðeins hann vilji byggja það*. (En hann má þá ekki vera

andlegur letingi). Hver einasti jarðneskur hlutur, dauður eða lifandi, smár eða stór, á hvortveggi í senn: sína andlegu og líkamlegu samstæðu í ljósvakanum, og hefur þar sitt ævarandi og ódauðlega gildi, enda þótt hann sé löngu horfinn af jarðneska sviðinu: brunninn, týndur, uppleystur, eða breyttur í annan hlut og annað efni.

Allt jarðneskt efni er samsett úr örsmárri frumagnakviku, gersamlega ósýnilegri hverju mannlegu auga, jafnvel í beztu smásjám. Þessi frumsagnakvika er misjafnlega fast samþjöppuð, svo úr verða ýmiskonar og margvísleg form, er koma fram í lifandi og líflausum gervum og myndum, sem eru stöðugum umbreytingum orpin og taka á sig annað gervi og annan líkama, enda þótt þau standi fyrir sjónum vorum óhöggðuð, nokkra daga, ár eða aldir. Öll eyðast þau og hverfa að lokum. En í náttúrunnar ríki er eitt lögmál allsráðandi: *Það óendanlega smáa jafngildir í einu og öllu því óendanlega stóra.*

Fullkornustu formin í náttúrunni: *hringurinn og kúlan, hafa hvorki upphaf né endi*, og því sama gildi, hvort þau eru stór eða smá.

Enginn hlutur getur orðið að engu, hverju sem viðrar, og hversu smár sem hann er. Sama gildir um *hugsunina* hversu smá sem sem hún er, en hugsunin er það æðri efninu, *að hún ræður algerlega yfir því.*

Mennirnir vilja verða miklir í efninu, ráða yfir því og gera sér það undirgefið, án tillits til æðri kraftar, sem öllu ræður. En það eitt fullnægir ekki sál mannsins og ódauðlegum anda. Og náttúrulegt frelsi sannleikans finna þeir ekki í efninu einu saman, þótt þeir bylti því og umturni á alla vegu. —

Að himneskar verur geti í svip tekið á sig mannleg gervi — á því er enginn vafi. En þá verða þau réttu skilyrði og það rétta hugarfar að vera fyrir hendi. Höfundur þessarar greinar hefur hitt eina slíka og á um það minjagrip til jarðteikna. — Mennsk vera getur það ekki hafa verið, því þetta var á þeim stað og stundu, er þess var engin von.

Þetta er einskonar Brísingamen, eða svo nefndi gefandinn það. Það er þó ekki hjartalaga eða úr skíru gulli, eins og jarðnesk tákn þeirra Brísingamenja er áður eru nefnd; heldur er það *steinn*.

Þessi steinn var síðan greiptur í gullbaug, eftir fyrirsögn gefandans, og er til enn. Þetta er glerkenndur hallur, líkur því að vera af opala eða dragasteinaætt, — harka og eðlisþungi hefur enn ekki verið rannsakaður eða ákveðinn, en litur steinsins hvarlar milli sæbláma og sægrænu. —

Inni í djúpi steinsins líða fyrir sjónir allskonar hugsanlegar myndir eða myndbreytingar, — eins og kvikmyndir á tjaldi, — af löngu liðnum eða ókomnum atburðum úr mannlegu lífi og háttum, einkum varðandi ísl. þjóðlíf, ásamt umhverfinu þar sem atburðirnir hafa gerst eða gerast kunna. Að hinu leytinu er steinn þessi ærið yfirlætislaus, óbrotinn og hversdagslegur, svo ókunnugir sjá lítið frábrugðið eða markvert við hann, en öllum þykir hann smekklegur, svipfagur og aðlaðandi. Steinninn er lítið eitt sporöskjulagaður, svipað og hafi tvo brennidepla; hann var nokkru stærri fyrst í stað, en dróst saman af sjálfum sér og minkaði, unz hann féll í baug þann, er honum var ætlaður. Þó er steinninn svo harður,

að hann verður á engan hátt rákaður eða rispaður með þjöl eða stáli, jafnvel ekki með demantsoddi.

7. Aðspurð, hver hún væri, svaraði veran: „Ég get verið huldukona, vanadís, vatnadís, brísa,“ og spurði aftur brosandi, og brosið var svo yndislegt, að því fá engin orð lýst: „Þekkirðu mig ekki? Það er þó skrítið! Við höfum ætíð verið og starfað saman frá upphafi! Heimarnir eru samofnir í eina óaðskiljanlega heild og starfa hverir í öðrum og guð er í öllu og allt er fullt af guði. Þess vegna getur ekkert farið öðruvísi en vel, en hefur þó engan endi. Þegar þú fórst inn í þunga efnið, þá gerðirðu það af frjálsum vilja til að koma vissu áhugamáli okkar áleiðis og þú ert kominn á góðan veg og á réttri leið. Svo var umtalið milli okkar, að ég færði þér þetta inn í þunga efnið,“ — — — og um leið lét hún steininn falla í lófa viðtakandans og var horfin, en unaðslegur blómailmur fyllti loftið og hringir mynduðust úti á vatninu og var sem þeir breiddust út og endurspegluðust í loftinu með undursamlegum ljóma.<sup>15)</sup>

8. Ekki er hægt með orðum að lýsa þeim yndisþokka og þeim dásamlegu töfrum er þessi himneska vera hafði yfir að ráð. Hver hennar hreyfing bar vott um óumræðilega tign og göfgi samfara hæversku þeirri og yfirlætisleysi, er fólgið er í fullkomnu og algerðu frelsi. —

Margar jarðneskar konur eru mjög fagrar og hafa mikinn yndisþokka, en þó er engin leið að líkja þeim við þessa veru.

---

<sup>15</sup> Við Laxá í S.-Þing., aðfaranótt 21. maí, 1931.

Þar var engin þvingun, engin undirhyggja, enginn ótti, engin feimniblandin blekkingarkennd, er einkennir svo mjög jarðneskar konur, og blekkingarhvötin oftast því fremur, sem þær eru fegurri og vita af því sjálfar.

Þar var hvorki feimni né frekja og hvorki vanmáttar eða drottunarkennd.

Helst væri hægt að komast næst því að segja eitthvað með orðum Einars Benediktssonar, er hann kveður um sína skýjadís:

„Vilji eg lýsa vexti og slíku  
verða æðstu heit að lasti.  
Og eg mæli í augnakasti  
orðlaus drottins verkin ríku.“

Og töfrum raddarinnar er ekki hægt að lýsa öðruvísi eða betur:

„Ljúf er röddin, — líkt og vaki  
ljóð við streng í óði dýrum. —  
Stuðlar falla í hlátrum hýrum  
hendingar í fótataki.“

\* \* \*

9. Að mæta slíkum töfrum er sem endurfæðing, og verður sá ekki sami maður eftir. En þessu líkt er ekkert einsdæmi á okkar jörð og kemur oftast fyrir en almenning grunar.

Enska skáldið A. E. Housman, varð fyrir svipaðri reynslu og samskonar töfrum og sagt er hér að framan, og skal hér aðeins á það minnst sem eitt dæmi af ótalmörgum.

Housman var þá enn ungur að aldri, er undrið bar fyrir hann, og hafði það svo mikil áhrif á hans viðkvæmu sál og óhörnuðu skapgerð, að hann bjó að því alla æfi.

Hann hætti skólanámi og varð ekki mönnum sinnandi, en gekk þó undir háskólapróf, ellefu árum síðar, og stóðst það með ágætum.

A. E. Housman er mikill, þrautþjálfaður, yfirlætislaus og elskulegur skáldsnillingur.

Í kvæðum hans ómar stakur strengur, með innilegum og heillandi, harmþrungnum trega.

Hann varð mjög lærður maður í fögrum fræðum, skaprskyggn og glöggur gagnrýnandi, svo mörgum stóð ógn og ótti af. Síðast varð hann latínuprófessor við Cambridge-háskólann og gegndi því virðulega embætti til dauðadags.

A. E. Housman andaðist í Cambridte vorið 1936, 77 ára að aldri.

hann gat aldrei gleymt *dísinni* sinni, en lifði í einlífi og ókvæntur æfilangt.

Í fyrsta ljóðasafni sínu: „*A Shropshire Lad*“, XX. kvæðinu, lýsir höf. þessu óvænta atviki, er olli þeim straumhvörfum í lífi hans, er hann bjó að alla æfi síðan:

„Hve fagurtært, unaðslegt, inndælt og bjart,  
er upphiminn speglar ið jarðneska skart;  
en helmingi fegurri himinn eg sá  
horfa úr *vatni*, er framundan lá.

Það var hylur í ánni og hreinn eins og mjöll  
og hamingjan átti þar skínandi höll

úr silfri og marmara og syngjandi eik  
og sólgyðjan bjó þar sinn fegursta leik.

Og englarnir sungu þar allskonar lög,  
og yndisleg vóru þau, margbreytt og hög.

— *Með titrandi hjarta af trega og þrá,  
tár votum augum eg hlustaði og sá.* —

Þá dís steig úr vatninu, djúpuðg og heið:

„Ó, drengur minn grát ei,“ — hún brosti um leið —  
„því heimanna milli í grátúð eg geng  
að gleðja þig smáan og fávísan dreng.“

10. Eitthvert gullvægasta og algildasta meistaraverk í ljóði, er nokkurri þjóð hefur nokkru sinni gefið verið, er kvæðið: „*Fósturlandsins Freyja*“, — ekki þó vegna þess, að ljóð þetta sé stórfenglegt eða láti mikið yfir sér, heldur er það svo faguð perla, að formi og efni, að lítil líkindi eru til að nokkru sinni verði betur gert á jarðríki, eða lengra komist í listrænni snilld og himneskri fullkomnun. Skiptir þar engu máli, hvort yrkisefnið er um karl eða konu, guð eða djöful, — það stendur allt jafnt fyrir drottni í ríki fullkomnustu listar.

„*Fósturlandsins Freyja*“ er ekki eingöngu „*minni kvenna*“; það er engu síður minni listarinnar sjálfrar, minni drottins, minni allra guða, minni almáttugs skapara himins og jarðar.

Í þessu alfullkomna og algilda snilldarljóði, er hvarvetna leikið jafnt á allar hörpur og alla strengi göfugustu orðslistar, allt frá himingnæfandi tindum til lægstu grunna. Hvergi skeika strengjatök. Hvergi fatast

flug. Allar höfuðgreinar háleitasta skáldskapar mætast í þessu gullfagra kvæði. Þar falla öll vötn að einum ósi og óma, ljóma og hljóma í heillandi gimi: hetjuljóðið (epos), leikljóðið (drama), fræðiljóðið (didaktik) og söngljóðið (lyrik). Og þetta líður allt fram í ofur-rólegri, skapandi starfsemi, unz myndin er orðin glögg og ljós, — auðskilin hverju barni.

Þarna er *ekki* að ræða um neinn ótæmandi framleiðslukraft, er með gjöræðislegri ógengd hverfir saman himni og jörðu, guðlegu og mannlegu í hugartruflandi uppnám. Nei, — það er alfullkomið arnflug og guðleg yfirsýn, er lýsir af þessu ódauðlega málverki meistarans.

Nýlega var gefið út ljóðasafn, af einu miklu pappírforlagi, er kallar sig Helgafell. Þetta ljóðasafn nefnist: „*Íslands þúsund ár*“, og er í þrem bindum. Það á að vera úrval af öllum ljóðum, fornum og nýjum. Ekki þótti „*Fósturlandsins Freyja*“ þess verð að vera í því safni, og er þess varla að vænta, með því lakari kvæði vóru fyrir hendi. Svo er og um Völuspá, að hana vantar, *eða það sem verra er*, — þarna er henni þudrað, á tilbúinni mállýzku, inn í miðri bók, undir rassi Steinunnar Refsdóttur í opið gin á leirburðinum „*Lokasennu*“, og látið gott heita. Svo er um safn þetta, að því mun frekar ætlað fyrir augað og eitthvað fyrir bókaskápinn — meðan gjaldeyrir er í gildi og gætt er að hafa eitthvað til sýnis og sölu, — svo líka að láta ljós sitt skína, — ef eitthvað væri. Mætti eins blása út bækur með venjulegu andrúmslofti og loka loftþétt, en hafa bandið gott fyrir bókaskápinn og auga aðkomandans, ef hann hefði það þá nokkuð.

En frá blaðamönnum flokksblaðanna: Haukdælum, Oddverjum, Ásbirningum og Sturlungum, birtast



lofgerðir, vegna innlagðra stórra auglýsinga, um merkileg nöfn manna, er valið hafa vandað. Og af ágæti sínu eru þeir svo frægir, einkum innvortis með sjálfum sér, að þeir geta á engan hátt þagað um veikindi sín, og gæta þess ekki, að auk allra almennilegra skigu- og kvefprestartegunda, eru þeir og haldnir þeim kvilla, að vera vanfærir á eigin skrift, en illlæsir og óskrifandi á annara.

Og undir þessu á hún svo að búa „*hin andlega spekgin*.“

*Fósturlandsins Freyja,*  
fagra Vanadís,  
móðir, kona, meyja,  
meðtak lof og prís!

Blessað sé þitt blíða  
bros og gullið tár;  
þú ert lands og lýða  
ljós í þúsund ár!

*Móðir!* — hjartahreina  
himinblíða ást,  
lífsins elskan eina,  
aldrei sem að brást;  
árdags engilroði,  
ungbarns sólar-brá,  
sannleiks sigurboði,  
signing drottins há!

*Meyja!* — mannsins lotning,  
milda, svása dís;  
dagsins himna-drottning  
dýrðleg með þér rís;  
lífsins ljúfu hörpu

ljær þú guðamál,  
sigur sverði snörpu,  
sætleik bana-skál!

*Kona!* — mannsins króna,  
kærleiks-tign þín skín,  
allir englar þjóna  
undir merkjum þín.  
Þó oss sólin þrjóti,  
þróttur, fjör og ár,  
grær á köldu grjóti,  
góða dís, þitt tár!

\* \* \*

Þegar mannast maður,  
miklast, snót, þín stétt,  
harðra herra smjaður  
helgan snýst í rétt;  
fríkkar þá á Fróni,  
faðmast ás og dís.

\* \* \*

*Fósturlandsins Freyja,*  
fagra Vanadís,  
móðir, kona, meyja,  
meðtak lof og prís!  
Blessað sé þitt blíða  
bros og gullið tár;  
þú ert lands og lýða  
ljós í þúsund ár!

## EFTIRMÁLI

*Xið í algebrunni.* — Svar við áskorun hr. rithöfundar Kristmanns Guðmundssonar. —

Herra Krismann Guðmundsson skáld, birti ritdómskorn í Morgunblaðinu, þriðjudaginn 9. marz 1948, þar sem hann, meðal annars, skorar á höfund þessa rits, að leggja fram eða birta „*skinnbókarlitur það, er höf. telur sig hafa fundið.*“

Þessi áskorun er sjálfsagt vel meint, það sem hún nær, en hvort hún er kurteisleg eða sanngjörn, — það getur verið álitamál.

Þessu æruverða skáldi láðist að tilgreina: hverjum ætti að birta þessi gögn, eða fyrir hvaða fætur eigi að leggja þau, — hvort heldur hans eigin, eða einhverra af konum hans.

Með því fáir lesa ritdóma í blöðum, eða taka mark á þeim, — ef þeir eru ekki ritaðir af pólitískum áróðri eða almennilega ergilegri heimsku, — þá er bezt að birta þennan ritdóm hér í heild, áður en hann týnist og gleymist, því hann er ekki langur, en aðalerindið að koma að nefndri áskorun, enda þótt ritdómurinn sé, að öðru jöfnu, mjög þokkalega þakkar- og virðingarverður.

Þessi ritdómur er svohljóðandi:

„Skuggi er fjór og frumlegur höfundur. Mér er í fersku minni bók, sem kom út eftir hann, ekki alls fyrir löngu og nefndist „Skammir“. Í henni er margt bráðskemmtilegt, svo sem sagan um „Krýsa“ og skinnbókarlitur það, er höf. telur sig hafa fundið. Ef hann vildi birta það, mætti svo fara, að skuggi hans félli á marga þá er nú teljast honum meiri. Vil ég hér með skora á hann að birta skinnbók þessa, því þótt margir beri brygður á að hún sé til, þá vil ég ekki gera það að órannsökuðu máli.

„Inni og úti“ eru þrjár sögur, allar frumlegar mjög og er margt í þeim vel sagt og skemmtilega. Ekki skal efni þeirra rakið hér, en gaman þótti mér að lesa þær — eins og margt annað eftir þennan sérkennilega höfund. — Skal í því sambandi bent á ljóðabýðingar hans „Há“ og „Rubaiyát“. Þær eru vissulega þess verðar, að eftir þeim sé tekið.

Þótt lítið hafi verið ritað um bækur Skugga, eiga þær sér marga lesendur og það sér áreiðanlega enginn bókmenntamaður eftir því að hafa lesið þær.“ — — —

\* \* \*

Það mun fullmikið sagt í greindum ritdómi, að nefndur höf. „eigi sér marga lesendur“. Hitt væri sönnu nær, að segja mætti þeim til ágætis, að þeir gætu varla færri verið og líklega ekki lakari heldur.

En hvað viðvíkur skinnbókarlitri því, er skáldinu liggur á hjarta í ritdómskorninu, þá er um það að segja, *að vissulega er það til*. Og það má þegar taka það fram, að eitt, út af fyrir sig, hefur þetta skinnbókarlitur lítið gildi, *nema aldurinn einan*, ef ekki væru önnur gögn veigameiri og betur með farin því til stuðnings.

Leifar gömlu Rauðskinnu (Gullskinnu) — þessi slitur 27 blaða — eru, eins og vænta má, svo hörmulega farin, að eigi verða með vissu lesin og ráðin yfir 30 orð, eða til heildar nær hundrað stafir, ef grandskoðað er.

Eins og nú standa sakir hafa svonefndir „fræðimenn“ ekkert með þetta að gera. Það er utanvið þeirra takmörk og eins er með almúgann. Þeim er bezt að halda sér í Snorra og Ara, eitthvað fram eftir æfinni, eins og þeir hafa gert til þessa. Veröldinni verður hvort sem er ekki hvolft við í einni svipan. En meðan þeir eru að átta sig er bezt að þeir æfi sig á að stauta fréttaskeytið um „*hundinn*“ og „*þingið*“, er birtist í 235. tölublaði Morgunblaðsins, fimmtudaginn 17. október, 1946. Er það stafrétt og orðrétt með öllum lestra- og greinamerkjum svohljóðandi:

„*3500 pund fyrir hund. Kosningum frestað. London: Nýlega var írsk — London. — Enn hefur þing-ur veðhlaupahundur seldur fyrkosningum í Rúmeníu verið ir 3500 pund (90.000 kr.). — Er-frestað, að þessu sinni frá 10. þetta hæsta verð sem vitað ernóvember og þar til í „kringum til að hafi verið greitt fyrir 21. desember“, eins og sagt er einn hund í tilkynningu um þetta.“*

Þarna mun hún vera samanrunnin í einn „prósa“ „*sú hin andlega spektin*“ er Snorri minnst á í ritdómi sínum, og öllum er ekki gefin.

En hvað viðvíkur „birtingu“ skinnbókarliturs, er hr. K. G. nefnir í ritdómi sínum, og hér hefur verið minnst á, þá væri það óðs manns æði eins og nú standa sakir. *Það yrði samstundis farið að meta þetta jarðneska ræksni í krónur og aura, en sáling og „andlega spektin“ færi í fréttaskeytið um „hundinn“ og „þingið“.*

Slíkan helvítis viðbjóð getur enginn sannleiks elskandi andi þolað, eftir að hafa áunnið sál sinni ævarandi frelsi og ódauðle ik í guði og náttúrunni.

Áðurnefnt skinnbókarlitur, og öll þau gögn önnur er þar með fylgja verða birt, þegar þeirra tími er kominn — hvenær sem það verður. *Því hefur öllu þegar verið ráðstafað.* Og þeirri ráðstöfun verður ekki haggað.

Reykjavík, 9. marz, 1948.

*Höfundurinn.*